

ÁGÚSTÍNA INGVARSDÓTTIR

### Styrkir foreldra sem uppaldur

• heilsa • heimili

allt í MIDJU BLADSINS



GOTT Á GRILLIÐ

### Galdurinn á bak við grillsósuna

Sérblað um grill og mat

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



INGÓLFUR GUÐBRANDSSON

### Setur húsið á sölu

Ævintýraheimili falt fyrir 120 milljónir

FÓLK 30



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júlí 2007 – 192. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Árin með Grace Kelly

Aldarfjórðungur er liðinn frá láti Grace Kelly. Af því tilefni var opnuð sýning um líf prinsessunnar í Monte Carlo.



TÍMAMÓT 18

### Ísfólksunnendur gleðjast

Alexandra Sif Jónsdóttir lét sig ekki vanta þegar Margit Sandemo áritaði bækur sínar um Ísfólkið í gær.



FÓLK 30

### Aldrei með óblásið hár

Stuðkompaníið endurútgefur sína fyrstu plötu í tilefni af tuttugu ára útgáfuafmæli sínu.



FÓLK 21


### Stórsigur hjá Blikum

Þrjú leikir fóru fram í Landsbankadeild karla í gær þar sem Blikar unnu meðal annars öruggan sigur á Fylki.



ÍPRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA BJART VEÐUR - í dag verður hæg vest-læg eða breytileg átt og víðast nokkuð bjart veður. Hiti 12-20 stig, hlýjast inn til landsins.

VEÐUR 4



HEILIR Í LAND Áhöfn þyrlunnar var flutt í land í Straumsvík í gærkvöldi. Í áhöfninni voru Sigurður Heiðar Wium flugstjóri (til vinstri), Jens Þór Sigurðsson flugmaður, Daniel Hjaltason, flugvirki og spilmaður, og Thorben J. Lund, stýrimaður og sigmaður. Líðan mannanna var góð en þeim var veitt áfallahjálp eftir slysið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Engan sakaði þegar TF-SIF brotlenti á sjó

Fjögurra manna áhöfn björgunarþyrlunnar TF-SIF sakaði ekki þegar hún nauðlenti við Straumsvík í gærkvöldi. Þyrlan var við æfingar og er talin ónýtt.

SLYS Fjögurra manna áhöfn björgunarþyrlunnar TF-SIF sakaði ekki þegar flugstjóri hennar neyddist til að nauðlenda í sjónum við Straumsvík í gærkvöldi. Áhöfnin komst heilu og höldnu út úr þyrlunni og um borð í björgunarskipið Einar J. Sigurjónsson sem var við æfingar með áhöfn þyrlunnar. Veður var mjög gott þegar slysið varð. Skipstjórinn á björgunarskipinu sendi stjórnstöð Landhelgisgæslunnar neyðarkall klukkan 18.50.

Áhöfnin á TF-SIF var ásamt

björgunarskipinu að æfa hífingar af skipi og úr sjó. Þyrlan var í lítilli hæð og missti snögglega vélarafli, að sögn sjónarvotta. Flugstjórnin neyddist til að nauðlenda þyrlunni en samkvæmt upplýsingum frá tæknistjóra Landhelgisgæslunnar, er þyrlan að öllum líkindum ónýtt.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, gat ekki gefið nákvæmar upplýsingar um slysið þegar eftir þeim var leitað í gærkvöldi. „Málið er í rannsókn undir stjórn rannsóknarnefndar flug-

slysa. Ég vil bara þakka guði að þeir skuli hafa sloppið lifandi frá þessu.“

Um borð í þyrlunni voru fjórir menn sem allir voru vanir, að sögn Georgs. „Þetta var mjög góð áhöfn sem komust afburðavel frá þessu. Þeir lentu mjög mjúklega á sjónum og landingin gekk því mjög vel. Þegar þeir voru komnir frá vélinni þá hvolfir henni.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tók á móti áhöfninni þegar hún kom í land. Björn segir að sér hafi brugðið illa þegar hann heyrði fréttir af slysinu. „Maður spyr náttúrulega hvort menn hafi bjargast eða ekki, það er fyrsta spurningin sem kemur upp í hugann.“ Björn segir þyrluna vera komna til ára sinna en hún hafi reynst afar vel. „TF-SIF hefur bjargað tugum ef ekki hundruðum manna á sinni starfsævi. Það er auðvitað erfitt fyrir þá sem hafa unnið á þyrlunni að sjá á eftir henni í hafið við þessar aðstæður,“ segir Björn.

Að sögn upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar leið áhöfn þyrlunnar vel í gærkvöldi en gerðar höfðu verið ráðstafanir til að þeir fengju áfallahjálp vegna slyssins.

- shá / sh



## ELSTA BJÖRGUNAR-ÞYRLA ÍSLENDINGA

- TF-SIF kom til landsins árið 1985 og er elst af fjórum þyrlum Landhelgisgæslunnar.
- Þyrlan er tveggja hreyfla af tegundinni Aerospatiale Dauphin II SA-365 N.
- Áhöfn þyrlunnar við björgun stendur saman af tveimur flugmönnum, sigmanni, spilmanni og lækni, alls fimm.
- Þyrlan tekur átta farþega og getur tekið einar sjúkrahöndur.
- Þyrlan er útbúin utanálggjandi flotum sem blásast upp við nauðlendingu í sjó.
- Sérútbúnaður: Hitamyndasjá, leitarljós, björgunarspil og eldsneytistæming á flugi.
- Verðmæti þyrlunnar er um 200 milljónir króna.



SIF Í SJÓNUM VIÐ STRAUMSVÍK „Við myndum hana og lyftum henni svo,“ sagði Árni Kópsson kafari á ellefta tímanum í gærkvöldi. Þá stóð til að hífa þyrluna um borð í prammann Fjölvá. Árni var bjartsýnn á að þyrlunni yrði komið úr hafi í nótt. Á þriðja tug slökkviliðs- og landhelgisgæslumanna vann að björguninni ásamt átta köfurum.

**SAMSUNG LCD & PLASMA SJÓNVÖRP**

Afburða tækni · Frábær hönnun · Framúrskarandi myndgæði · Gott verð

**Ný módel komin!**

Starfsfólk okkar aðstoðar fúslega og veitir allar nánari upplýsingar.

**ORMSSON**

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

## Banaslys á Akrafjallsvegi: Bifhjólamaður lést í árekstri

SLYS Ökumaður mótorhjólsls lést eftir árekstur við strætisvagn á mótum Innnesvegur og Akrafjallsvegur við Akranes um sjö í gærkvöldi. Maðurinn var á fertugsaldri. Loka þurfti veginum í nokkrar klukkustundir eftir slysið.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Skemmtilegur ferðafélagi



# ÞEGAR VIÐ SEGJUM BETRI NOTAÐIR BÍLAR ÞÁ MEINUM VIÐ ÞAÐ



**Toyota Prius Hybrid**  
1500 Bensín/Rafmagn sjsk.  
Á götuna: 05.01 Ekinn: 75.000 km  
Verð: 950.000 kr. Skr.nr. BX-544



**Lexus RX300 EXE**  
3000 Bensín sjsk.  
Á götuna: 09.05 Ekinn: 25.000 km  
Verð: 4.890.000 kr. Skr.nr. KO-817



**Toyota RAV4 4WD**  
2000 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 12.04 Ekinn: 47.000 km  
Verð: 2.170.000 kr. Skr.nr. BJ-658



**Toyota Corolla H/B Luna**  
17" felgur Söllumá, spolier fram og aftan, filmur o.fl.  
1600 Bensín 5 gíra  
Á götuna: 06.06 Ekinn: 19.000 km  
Verð: 2.050.000 kr. Skr.nr. FZ-584



**Toyota Avensis S/D Terra**  
1800 Bensín 5 gíra  
Á götuna: 03.03 Ekinn: 90.000 km  
Verð: 1.230.000 kr. Skr.nr. MJ-818



**Toyota Corolla S/D Terra**  
1400 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 06.03 Ekinn: 100.000 km  
Verð: 880.000 kr. Skr.nr. NA-606



**Toyota Avensis S/D Sol**  
1800 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 11.05 Ekinn: 34.000 km  
Verð: 2.170.000 kr. Skr.nr. SD-338



**Toyota RAV4 4WD EXE**  
2000 Bensín sjsk.  
Á götuna: 01.05 Ekinn: 50.000 km  
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. MK-348



**Toyota Yaris 5 dyra**  
1300 Bensín 5 gíra.  
Á götuna: 03.02 Ekinn: 68.000 km  
Verð: 920.000 kr. Skr.nr. NJ-205



**Toyota Corolla W/G**  
1400 Bensín 5 gíra  
Á götuna: 05.05 Ekinn: 50.000 km  
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. VB-062



**Toyota Hilux D/C**  
35" Breyttur, læstur, aukamiðstöð, beisli,  
kubbur, millikælir o.m.fl.  
2500 Dísel 5 gíra.  
Á götuna: 12.05 Ekinn: 55.000 km  
Verð: 3.950.000 kr. Skr.nr. OT-720



**Toyota Land Cruiser VX 100**  
4700 Bensín sjsk.  
Á götuna: 01.02 Ekinn: 112.000 km  
Verð: 3.350.000 kr. Skr.nr. SR-428

## BNB-sölugreining

Bílnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



# TOSHIBA

image is everything

## REGZA

Örþunn LCD sjónvörp  
með ótrúlegum myndgæðum  
á frábæru verði.

Eitt það fullkomnasta sem völ er á!



HD ready HDMI

Picture Frame LCD digital

Active Vision

ONKYO  
HÁTALARAR



219.900,-

289.900,-

369.900,-

### 68 línan

32" WL68  
1366x768 - 3500:1  
ActiveVision M100 myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
3 HDMI tengi  
HDMI 1.3 - tekur við 1080P

37" WL68  
1366x768 - 3500:1  
ActiveVision M100 myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
3 HDMI tengi  
HDMI 1.3 - tekur við 1080P

42" WLT68  
1366x768 - 3500:1  
ActiveVision M100 myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
3 HDMI tengi  
HDMI 1.3 - tekur við 1080P

199.900,-

149.900,-

139.900,-

99.900,-

### 66 línan

42" WL66  
1366x768 - 800:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

37" WL66  
1366x768 - 1000:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

32" WL66  
1366x768 - 1200:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

26" WL66  
1366x768 - 800:1 - 500 cd/m  
ActiveVision myndvél  
Viðbragðstími: 8ms  
2HDMI tengi  
2scart tengi

Öll verð eru staðgreiðsluverð

### 67 línan

Einnig til í 1920x1080 upplausn

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVARPSTÆKI:



tillboð

**TOSHIBA**

HDE1 - HD spilarari  
Fæst með 35% afslætti  
með sjónvarpstæki

54.900,-

RETT VERÐ: 71.434,-



www.ef.is

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is

**KJÖRKASSINN**



Fylgist þú með fréttum af fræga fólkinu?

Já	44,5%
Nei	55,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Ertu ánægð(ur) með mótmæla- aðgerðir Saving Iceland?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)



Sendiráðið neitar ungrri móður um vegabréfsáritun til að sækja forræðismál:

# Fær ekki að sjá dóttur sína

**FORRÆÐISMÁL** „Ég reyni að skilja þetta en það er svo erfitt því hann vildi aldrei neitt með hana hafa og er ekki einu sinni með hana,“ segir Dagbjört Rós Halldórsdóttir, ung móðir sem ekki hefur fengið að sjá dóttur sína, sem nú er sautján mánaða, í um níu vikur.

Dagbjört fluttist með eiginmanni sínum til Bandaríkjanna fyrir ári. Henni var vísað úr landi fyrir tveimur mánuðum en hún hafði þá ekki endurnýjað dvalarleyfi sitt þar sem maður hennar hafði neitað að skrifa undir. Dagbjörtu var vísað úr landi ásamt syni sínum sem hún átti fyrir. Litla dóttir hennar varð eftir ytra. Dagbjört segir hana



**MÆÐGURNAR** Eina myndin sem Dagbjört á af sér og og Catilin dóttur sinni.

dveljast hjá móður eiginmanns síns. „Ég fékk ekki að taka neinar myndir af henni með mér,“ segir

Dagbjört. Dagbjört kveðst hafa séð fyrstu skref dóttur sinnar á vef-síðu.

Bandaríska sendiráðið neitar Dagbjörtu um vegabréfsáritun til að fara til Bandaríkjanna til að sækja rétt sinn. Í fréttum Stöðvar 2 í gær kom fram Utanríkisráðuneytið aðstoði Dagbjörtu, með því að veita ráðgjöf. Hún verði aðstoðuð við að finna lögfræðing í Bandaríkjunum. Kostnaðurinn við það geti þó hlaupið á tugum milljóna. Það verði hún að greiða sjálf. „Mér finnst erfiðast að reyna útskýra þetta fyrir bróður hennar sem saknar litlu systur svo sárt,“ segir Dagbjört. - kdk

## Dómari í Wales: Heilagt naut hlýtur náðun

**LONDON, AP** Dómari í Wales kvað upp þann úrskurð í gær að ekki skyldi slátra nautinu Shambo, sem er heilagt dýr í hindúaklaustrinu Skanda Vale í Wales. Nautið hefur greinst með nautaberkla og átti að slátra því af öryggisástæðum svo smit bærist hvorki í menn né önnur dýr.

Samkvæmt reglum um dýrahald í Wales ber að slátra berklaueikum nautum, en hindúarnir segja nautið heilagt í sínum huga og sé það veikt eigi að hjúkra því. Með því að slátra dýrinu sé verið að brjóta á rétti þeirra til að iðka trú sína. - gb

**Njóttu sumarsins**

**Lóritín®**  
– Kröftugt ofnæmislyf

**Notkun:** Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (> 12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálistíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfu sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til akturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolast almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

**LYFJA** - Lífið heil

**actavis** hagur í heilsu

# Skógarhöggið ekki að kröfu UNESCO

Fram kemur í áætlun frá 2001 að fella eigi barrtré innan þinghelgi á Þingvöllum. Engin krafa hefur komið frá UNESCO um að trén verði felld þó Þingvellir séu á heimsminjaskrá. Fráleitt að kenna skógarhögg við lögbrot segir ráðherra.

**NÁTTÚRA** Engin krafa hefur komið frá heimsminjaskrá UNESCO um að barrtré á Þingvöllum verði felld, en í áætlun um skógarhögg og grisjun á Þingvöllum frá 2001 kemur fram að fella eigi trén og hlúa að gróðri sem eigi sér lengri sögu á Þingvöllum.

Þingvellir voru skráðir á heimsminjaskrá UNESCO árið 2004, í kjölfar þess að íslensk stjórnvöld sóttu um þá upphefð Þingvöllum til handa. Í umsókninni, sem samþykkt var árið 2003, kemur ekkert fram um að barrtrén eigi að víkja, aðeins að þau hafi verið grisjuð og því verði haldið áfram.

„[Árið] 1999 gáfu Þingvallanefnd og Skógrækt ríkisins út samstarfsýfirlýsingu um eftirlit og umhirdu skógarins í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í samræmi við hana gerðu starfsmenn Þjóðgarðsins og skógræktarinnar áætlun árið 2001 um það, hvornig skógarhöggi og grisjun yrði háttáð,“ segir Björn Bjarnason, formaður Þingvallanefndar, í tölvubréfi til Fréttablaðsins.

„Í áætluninni er það markmið meðal annars sett, að barrtré í þinghelginni víki en hlúð skuli að gróðri, sem á sér lengri sögu á Þingvöllum. Þetta er gert í því skyni að varðveita hinn forna þingstað sem opið söguvið fyrir komandi kynslóðir. Sama á við um nokkra aðra sögufræga staði innan Þjóðgarðsins, meðal annars Ölkofradal,“ segir Björn.

„Að mati þeirra, sem gerst þekkja til innan Þjóðgarðsins, er með öllu ástæðulaust að telja að vegið sé að Þjóðgarðinum með þeim markmiðum, sem hér er lýst



**Á ÞINGVÖLLUM** Fyrstu barrtrén voru gróðursett á Þingvöllum árið 1899, en ekki stendur til að raska þeim furulundi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eða áætlunum á grundvelli þeirra. Hitt er einnig fráleitt að kenna þessa rækt við Þjóðgarðinn við lögbrot,“ segir Björn.

Sigurður K. Oddsson, Þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, staðfestir að UNESCO hafi ekki gert neinar kröfur um að barrtrén á Þingvöllum verði felld. Hugsunin á bak við Þjóðgarða væri hinsvegar sú að leitast við að varðveita svæðin í sem upprunalegastr mynd. Stefnan sé að Þingvellir verði sem næst því að vera eins og þeir voru við

landnám, löngu áður en barrtré festu rætur hér á landi.

Ekki verða öll barrtré í þinghelginni felld. Furulundinum sem plantað var 1899, sem markaði upphaf skipulegrar skógræktar á Íslandi, verður leyft að standa, enda er hann friðaður með öllu. Talsverður birkiskógur er á Þingvöllum og mögulegt að planta verði samskonar birkitrjá til að stækka þann skóg, segir Sigurður.

brjann@frettabladid.is

## Hentugt við grillið

einnota borðbúnaður á tilboðsverði

Tilboðið gildir út júlí 2007 eða meðan birgðir endast.

**Á tilboði í júlí 2007**  
Plasthnifapör, pappadiskar og plastglós

**Snæbjörn Árnason,** sölumaður hjá RV

**446 kr.**  
Pappadiskar 18cm, 100stk (10ík)

**356 kr.**  
Pappadiskar djúpír 19cm, 50stk (20ík)

**296 kr.**  
Pappadiskar 23cm, 50stk (20ík)

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

**25 ára** 1982-2007

Töluvert af Íslendingum leggur leið sína á tjaldsvæðið í Laugardal:

# Ánægð með aðstöðu og veður

**FÓLK** „Við höfum verið hérna síðan á föstudag og tókum bara hvern dag fyrir sig,“ segir Kristján Theodorsson frá Akureyri. Hann og kona hans, Brynja Þorsteinsdóttir, hafa dvalist á tjaldsvæðinu í Laugardal ásamt fjölskyldu sína á föstudag. „Við erum tíu í heildina, afinn og amman og svo þrjú af átta börnum okkar með sínar fjölskyldur.“ Stórfjölskyldan var að vonum ánægð með góða veðrið og var úti í sólinni þegar blaðamann bar að garði.

Kristján segir töluvert af Íslendingum vera á svæðinu. Ein skýringin á því sé að Síamót stúlkna í knattspyrnu var haldið í Kópavogi um helgina. „Það var einn fjölskyldumeðlimur okkar að keppa í því. Hér voru fleiri sem fylgdu með mótinu og hafa fram- lengt dvölina út af góða veðrinu.“



**STÓRFJÖLSKYLDAN** Fjölskyldan gæddi sér á ís í góða veðrinu í gær. Fremstur á myndinni er Óskar Helgi Jónsson, tæplega tveggja ára barnabarn Kristjáns og Brynju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðspurð sagði keppnismannskj- anna Anna Helena Hauksdóttir að mótið hefði gengið vel, þær Þors- stelpur hefðu lent í fimmta sæti.

Samkvæmt upplýsingum frá tjaldsvæðinu er nokkuð um að

Íslendingar leggi leið sína þangað. Kristján segir að þau hjónin hafi verið á tjaldsvæðinu í nokkra daga í fyrra og hafi þá þæpulega hversu góð aðstaða og þægilegt væri í Laugardalnum. - þeb

# Kayakarnir fást í Sportbúðinni Krókhálsi 5

## Hvar sem þú ert – Hvert sem þú ferð Sportbúðin er í leiðinni út úr bænum



### Prijon Seayak – Mest keypti sjókayak á Íslandi mörg undanfarin ár.

Lengd 490 sm, breidd 55 sm, þyngd 26 kg. Prijon Seayak er með fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig.

Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).

**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



### Prijon Kodiak – Vinsæll sjókayak frá Prijon, einkum hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara.

Lengd 518 sm, breidd 59 sm, þyngd 28 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og Granite (grár).

**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



### Prijon Motion – Vinsæll bátur fyrir smærri og léttari ræðara.

Nokkuð hraðskreiður og stöðugur. Lengd 454 sm, breidd 59 sm, þyngd 26 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og blár.

**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



Prijon Touryak – Ekki ósvipaðir eiginleikar og Prijon Motion en hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara. Lengd 470 sm, breidd 63 sm, þyngd 25 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).

**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



### P&H Capella 160 – Einn albesti plastbáturinn á markaðnum.

Lengd 495 sm, breidd 56 sm, þyngd 23 kg. Framlest, afturlest og daghólf. Capella kemur með skeggi / ugga. Stillanlegt sæti og bak. Stillanleg fótstig. Litir Lava og Sunbeam.

**Verð aðeins 169.900 eða aðeins 14.733 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



### Venture Orca 16 Weekender

#### Vinsæll, stöðugur byrjendabátur frá Venture.

Lengd 468 sm, breidd 58 sm, þyngd 25 kg. Fram- og afturlest. Orca 16 kemur með ásettu stýri.

**Verð aðeins 99.900 eða aðeins 8.725 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



### Venture Easky 13 Weekender – Mjög stöðugur bátur, sérlega hentugur fyrir þá sem eru að byrja að ró.

Lengd 415 sm, breidd 67 sm, þyngd 21 kg. Framlest og afturlest.

**Verð aðeins 89.900 eða aðeins 7.867 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



### Venture Easky 15 Weekender – Annar vinsæll og

stöðugur byrjendabátur frá Venture. Lengd 458 sm, breidd 60 sm, þyngd 23 kg.

Easky 15 Weekender er með fram- og afturlest ásamt skeggi / ugga. **Verð aðeins 99.900 eða aðeins 8.725 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**15% afsláttur af þurr göllum og aukabúnaði með keyptum sjókayak í Sportbúðinni**



# SPORTBÚÐIN



Sportbúðin býður alla báta og búnað með vaxtalausum Visa og Euro raðgreiðslum til allt að 12 mánaða. 3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.

Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is



1. Hver er forseti Ísraels?
2. Hverju var Lewis Gordon Pugh að vekja athygli á með því að synda einn kílómetra í sjónum á norðurpólnum?
3. Hvaða kaupmaður seldi nýverið verslun sína í Bankastræti?

SVÖR Á SÍÐU 30



**ÞVERT YFIR LANDIÐ** Slökkviliðsmennirnir koma að Reykjanestá klukkan tvö í dag, degi á undan áætlan.

MYND/BABU.IS

Slökkviliðsmenn hjóla:

## Hjólreiðuferð lýkur í dag

**ÚTIVIST** Slökkviliðsmennirnir nýu sem hugðust hjóla þvert yfir landið ljúka ferðinni í dag klukkan tvö við Reykjanestá. Hópurinn hjólar til styrktar Sjúkra- og líknarsjóði starfsmannafélags slökkviliðsmanna höfuðborgarsvæðisins.

Slökkviliðsmennirnir lögðu af stað laugardaginn 6. júlí frá Fonti á Langanesi sem er norðaustasti tangi landsins. Þaðan hjóluðu þeir þvert yfir landið.

Í dag klukkan ellefu munu mennirnir hjóla síðasta spottann, frá Festi í Grindavík, í samneyti við vini, vinnufélaga og ættingja. Öllum er velkomið að slást í hópinn.

- aví

300 her- og sérsveitarmenn, 13 flugvélar og herskip æfa á Íslandi:

# Heræfing hér á landi um miðjan ágúst

**VARNAARMÁL** Tæplega 300 Bandaríkjamenn, Norðmenn, Lettar og Danir koma til landsins í ágúst til að æfa flutning liðsafla til landsins á hættutímum.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að slíkar æfingar verði hér eftir reglubundinn hluti af varnarviðbúnaði landsins.

Æfingin skiptist í tvennt. Annars vegar verður 240 manna loftvarnaræfing með tíu til þrettán flugvélum, dönsku varðskipi og þyrlum Landhelgisgæslunnar. Stjórnstöð íslenska loftvarnar-kerfisins verður yfirstjórnstöð æfingarinnar.

Hins vegar verður æfing gegn hryðjuverkum. Í henni taka 42 erlendir sérsveitarmenn þátt. Tuttugu þeirra koma frá Noregi, sextán frá Lettlandi og sex frá Danmörku. Fulltrúi ríkislögreglustjóra verður „samræmingaradili“ æfingarinnar og leggur til fimmtán menn.

Þetta er fyrsta varnaræfingin sem gerð er eftir samkomulagi íslenskra og bandarískra stjórnvalda, sem undirritað var í október síðastliðnum.

Ekki náðist í Arnór Sigurjónsson í gær, en hann er framkvæmdastjóri æfingarinnar.

- kóp



**F-15 ORRUSTUÞOTA** Tíu til þrettán flugvélar verða notaðar við loftvarnaræfingar, ásamt dönsku varðskipi og þyrlum Landhelgisgæslunnar.

## Áhrifamikill pólskur prestur: Ásakanir um gyðingahatur

**PÓLLAND, AP** Pólski presturinn Tadeusz Rydzik, sem stýrir rammkafólsku og þjóðernisáhaldssinnuðu fjölmiðlavelði í kring um útvarpsstöðina Radio Maryja og dagblaðið Nasz Dziennik, varðist í síðustu viku ásökunum um gyðingahatur eftir að upp á yfirborðið komu hljóðupptökur þar sem hann lætur andgyðingleg ummæli falla og kallar eiginkonu Póllandsforseta „norn“.

Ummælin voru birt í vikublaðinu Wprost, en þau eru úr upptöku af fyrirlestri sem Rydzik hélt yfir nemendum í blaðamanskóla sem hann stofnaði sjálfur í borginni Torun.

- aa

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Steyptist út í Eyjafjarðará

Flutningabíll valt út í Eyjafjarðará skammt sunnan Hrafnagíls síðdegis í gær. Bíllinn var við malarflutninga þegar slysið átti sér stað og var hann að aka mól úr Munkaþveráreyrum. Vegurinn þar sem óhappið varð er aðeins notaður af vinnuvélum. Ökumaður var einn í bílnum og þykir mildi að hann hafi ekki sakað. Bíllinn skemmdist lítið.

# Fjölskyldan ætla að leita réttar síns

Sögur af hrottalegu drápi hundsins Lúkasar voru uppspuni. Fjölskylda Helga Rafns Brynjarssonar, sem sakaður var um ódæðið, hefur rætt við lögfræðing og ætla að krefjast skaðabóta. Sést hefur til Lúkasar en hann hefur ekki náðst.

**LÖGREGLUMÁL** „Við vissum alltaf að drengurinn hafði ekki gert þetta,“ segir Guðbjörg Elsa Guðmundsdóttir, móðir Helga Rafns sem sakaður var um að hafa drepð hundinn með hrottalegum hætti í maí á Akureyri. Drápið vakti mikla athygli og varð Helgi og fjölskylda hans fyrir fjölda hótanna vegna málsins. Hundurinn er nú fundinn, sprellumfandi, í Hlíðarfjalli.

„Það er ógeðsleg tilfinning að verða fyrir svona hótunum. Ég get heldur ekki ímyndað mér hvers konar skepna það væri sem gæti farið svona með dýr eins og var lýst,“ segir Helgi. Hann segir tímunn frá því málið kom upp hafa verið afar erfiðan. Hann hafi lítið komist út úr húsi vegna áreitis og meðal annars varð hann að láta af störfum.

Helgi segir fjölskylduna ætla að leita réttar síns í þessu máli, hann hefur sjálfur fengið fjölda morðhótanna auk þess sem móðir hans varð einnig fyrir hótunum. Móðir hans segir son sinn hafa verið svo langt niðri í sumar vegna ásakananna að hún hafi fengið sálfræðing til að færa honum fréttirnar í gær.

Meðal þeirra sem höfðu samband við Helga vegna drápsins, sem aldrei átti sér stað, var eigandi hundsins. Helgi segir hana hafa heimað að hann segði henni hvar hræðið væri að finna. Það gat hann skiljanlega ekki gert. Hann segist vonast eftir afsökunarbeiðni frá henni sem og öðrum vegna þessa en segist á vissan hátt skilja reiði hennar vegna þeirra öflugra kjaftasagna sem fóru í gang.

„Það er kominn vendipunktur í þessu máli. Það hefur verið með ólíkindum. Við höfum í samráði við lögfræðing ákveðið að þetta mál verði unnið faglega. Við óskum eftir því að þetta fari í lögreglurannsókn“



**LÚKAS LIFIR** Hundurinn átti að hafa drepist eftir að hafa verið troðið í íþróttaösku af drengjum sem spörkuðu honum svo á milli sín þar til hann drapst. Það reyndist þó ekki rétt og hefur eigandi borið kennsl á hann á hlaupum í Hlíðarfjalli.



**HELGI SAKLAUS** Fjölskylda Helga ætla að leita réttar síns í málinu. Helgi hefur nánast ekkert getað farið út í sumar vegna áreitis.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

og förum fram á skaðabætur vegna þessa,“ segir Brynjar Eymundsson, faðir Helga. „Við trúðum því aldrei að hann ætti svona til,“ segir Brynjar.

Ekki hafði tekist að koma höndum yfir Lúkas í gær. Að sögn er hann illa til reika og afar styggur. Eigandi hans ákvað því í gær að dvelja um nóttina í fjallinu með lóðatíkur til að reyna að laða hann að.

Helgi segist hafa ákveðna menn grunaða um að hafa komið sögunum á kreik en vill ekki tjá sig nánar um það. Rannsókn geti leitt í ljós hver var að verki í þessu illvirki sem lygarnar voru. „Það er samt gott að hundurinn er á lífi,“ segir Helgi.

karen@frettabladid.is

Starfsemi Landspítalans í Fossvogi verður hætt með tilkomu nýs sjúkrahúss:

## Húsin óhentug vegna aldurs

**HEILBRIGÐISMÁL** Áætlað er að þegar fyrsti áfangi nýs háskólasjúkrahúss verður tekinn í notkun þá verði starfsemi Landspítalans í Fossvogi hætt. Ekki hefur verið ákveðið hvað gert verður við húsnæðið sem er rúmlega 30 þúsund fermetrar að stærð. Nefnt hefur verið að nýta húsnæðið fyrir öldrunarþjónustu, enda var mikill hluti þess byggður til þeirra nota. Fjármögnun nýs háskólasjúkrahúss gerir einnig ráð fyrir sölu eigna og því kemur til greina að selja húsið og nota fjármagnið til uppbyggingar við Hringbraut.

Jóhannes Gunnarsson, starfandi forstjóri Landspítalans, segir ótímabært að ræða hvað gert verður við húsin í Fossvogi. „Það má þó minna á að B-álman í Fossvogi var byggð í þágu aldraðra, þó áherslur hafi breyst þegar Landakoti var breytt í öldrunarspítala.“ Jóhannes segir að húsin í Fossvogi verði vart



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Byggingarnar henta ekki til nútíma sjúkrahússrekstrar. Sala þeirra hefur verið rædd en einnig nýting til öldrunarþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

nýtt til annars en sjúkrahúsrekstrar án töluverðra breytinga, enda séu slíki hús sérhæfð. „Þó má segja að sjúkrahúsið hentar ekki einu sinni lengur sem nútíma sjúkrahús. Þarfirnar á sjúkrahúsum hafa breyst svo gríðarlega mikið frá því að þetta hús var hannað um 1950,“

segir Jóhannes.

Töluverður sparnaður í rekstri næst með því að sameina starfsemi Landspítalans við Hringbraut. Gera áætlanir ráð fyrir allt að tíu prósentu sparnaði en rekstrar- kostnaður er nú tæpir 30 milljarðar á ári.

- shá

**SIEMENS**



Ný þvottavél frá Siemens, sem lætur blettina hverfa.

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg**. Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín.** hraðkerfi og **60 mín.** kraftþvottakerfi fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar.** Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+**.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is

ATARNA - KMI / FIT





SPORTBÚÐIN



VEIDIHORNID

# Þrjár sérverslanir - ein netverslun

## Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð



**Simms Freestone öndunarvöðlur og Simms Freestone skór.** Einhverjar mest keyptu öndunarvöðlurnar á markaðnum. **Fullt verð 32.800. Pakkatilboð aðeins 27.880.**



**Simms L2 öndunarvöðlur og Simms L2 skór.** Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði. Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum. Léttir og sterkir skór með filtsóla. **Fullt verð 44.800. Pakkatilboð aðeins 37.990.**



**Ron Thompson Aquasafe öndunarvöðlur og skór.** Sterkar og góðar öndunarvöðlur. Lausar sandhlífar. Góðir vasar. Belti fylgir. Léttir og sterkir skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Tilboð aðeins 19.990.**



**Ron Thompson neoprenvöðlur.** 4mm þykkt efni. Styrkingar á hnjám. Góður brjóstvasi. Fóðruð stígvél með filtsóla. **Fullt verð 12.995. Nú á tilboði aðeins 8.995**



**Sierra Canyon veiðijakki.** Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun. **Fullt verð 17.995. Nú á tilboði aðeins 14.495**



**Ron Thompson vöðlutöskur.** Nauðsynleg taska fyrir alla þá sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn, lok með loftun. Motta til að standa á. **Verð aðeins 3.995.**



**Okuma SLV fluguhjól.** Létt "large arbour" hjól með góðri bremsu. Margar stærðir. Frábært verð. **Aðeins 8.995**



**Spinnhjul í ótrúlegu úrvali.** Öll bestu hjólin á markaðnum frá DAM og Okuma. **Verð aðeins frá 1.995 með girmi**



**Sierra fluguveiðipakki.** Sierra Avalanche einhenda ásamt Sierra fluguhjóli með góðri bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir. **Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900**



**Sierra tvíhendupakki.** Sierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet. Vandað Sierra fluguhjól úr áli. Sierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir. **Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.**

**Sage fluguveiðisett.**

Sage Fli einhenda ásamt Sage hjóli og RIO flugulínu. Lífstíðarábyrgð frá Sage. Hólkur fylgir. Sage – tvímælalaust toppurinn í flugustöngum. **Verð aðeins 39.900 fyrir allt þetta**



**Sierra hjólatöskur** – Góðar hjólatöskur í 3 stærðum. Fara vel með öll hjólin þín. Einnig pláss fyrir sökkenda, tauma og fleira smálegt. **Verð aðeins frá 2.995**



**HMT skotlínurnar frá Sierra** fyrir þá sem vilja ná lengra. Að margra mati besta flugulínan á markaðnum í dag. **Verð aðeins 5.995.-**

# Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



Krókháls 5 - Sími 517 8050



Síðumúli 8 - Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is



## 1.700 sleppt fyrstu vikuna: Bretar létta á fangelsunum

**LONDON, AP** Meira en sautján hundruð föngum var sleppt úr breskum fangelsum í fyrstu viku neyðaráætlunar um að létta álag á yfirfullum fangelsum landsins.

Þetta eru fyrstu tölur sem birtast um áætlunina sem hófst 29. júní. Samkvæmt henni verða allt að 25.000 pláss losuð árlega í fangelsum. Tæplega 350 dæmdir ofbeldisglæpamenn voru meðal þeirra sem sleppt var allt að átján dögum fyrir.

Stjórnarandstæðingar gagnrýndu stjórnvöld fyrir þessar aðgerðir sem þeir sögðu ógna öryggi almennings.

- sdg

Talsmaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur segir eingöngu útlendinga staðna að verki við veiðipjófnað:

## Mikið um veiðipjófnaði í laxveiðiám

**VEIÐAR** Veiðipjófnaður í laxveiðiám er orðinn mikið vandamál og ný tilfelli koma reglulega upp.

Þrír grunsamlegir menn sáu að veiðum í Ásgarði í Sogi fyrir stuttu. Þegar þeir urðu varir mannaferða hlupu þeir í burtu og komust undan. Ljóst þótti á veiðiaðferðunum að þarna væru ekki byrjendur á ferð því að vaðið var út á réttum stöðum og veitt á líklegum tókustöðum þegar veiðileyfahafa bar að garði.

Annað atvik sem gerðist fyrir skömmu var þegar veiðimaður sem staddur var við Alviðru í Ölfusi tók eftir því að bíll stoppaði við Þrastarhlund. Menn fóru þar út og hófu

veiðar þrátt fyrir mótmæli veiðimannsins sem var með löglegt veiðileyfi. Veiðimaðurinn hringdi á lögreglu sem sá sér ekki fært að koma.

Forsvarsmenn Stangaveiðifélags Reykjavíkur ræddu við lögreglu á Selfossi í kjölfar þessa máls. Veiðimenn sem verða varir við veiðipjófa eru nú hvattir til þess að kalla til lögreglu sem tekur skýrslu af málinu, enda sé um skýrt lögbrot að ræða.

„Það eru eingöngu útlendingar sem hafa lent í þessu,“ segir Haraldur Eiríksson hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur. „Stundum veit



**SOGIÐ** Borið hefur á veiðipjófnaði í Soginu. Þessi mynd tengist ekki efni fréttarinnar beint.

fólk ekki betur en oftast er um einbeittan brotavilja að ræða. Menn

hlaupa í burtu og fela veiðistangir þegar þeir sjá til mannaferða.“ - pal



**TINNABÆKURNAR** Bókin Tinni í Kongó hefur vakið mikla reiði vegna meintra kynþáttafordóma í sögunni.

Umdeild bók vinsæl á ný:

## Tinni í Kongó selst í bíförum

**MENNING** Sala á bókinni Tinni í Kongó hefur aukist um 3.800 prósent undanfarna daga og bókinn er komin í áttunda sæti yfir söluhæstu bækurnar á Amazon.co.uk.

Tinni í Kongó komst nýlega í umræðuna vegna kynþáttafordóma. Gagnrýnendur segja óviðunandi að „þeir innfæddu“ í bókinni líti út eins og apar og tali eins og vitleysingar“.

Bókin hefur verið fjarlægð úr barnabókadeildum í bókabúðum og bókasöfnum í Englandi og í deild bóka fyrir fullorðna.

- bor

Börn fanga helfararinnar:

## Krefjast bóta frá Þýskalandi

**ÍSRAEL, AP** Þúsundir afkomenda gyðinga, sem lifðu af dvöl í útrýmingarbúðum nasista á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar, ætla í dag að hefja mál gegn Þýskalandi, sem háð verður fyrir dómstólum í Ísrael. Þeir krefjast skaðabóta fyrir að hafa alist upp í ótta og þunglyndi og vilja að þýsk stjórnvöld borgi fyrir meðferð þeirra hjá geðlæknum.

Málshefjendur eru samtals um fjögur þúsund, allt saman börn fórnarlamba helfararinnar. Þjáningar foreldranna hafa komið niður á börnunum, sem eiga erfitt með að lifa daglegu lífi vegna sálartjóns og geta mörg hver ekki stundað reglulega vinnu.

- gb

### NETIÐ

#### 20.000 notendur á Istorrent

Notendur íslenska vefsvæðisins Istorrent eru nú yfir 20.000 talsins. Í gegnum svæðið má meðal annars nálgast kvikmyndir, tónlist og tölvuleiki, endurgjaldslaust. Höfundarréttarsamtök hafa haft horn í síðu svæðisins vegna þessa. Svæðið komst í fréttirnar á dögnum vegna nauðgunarleiks.

# Fáðu meira fyrir ferðina

Velkomin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar



ÍSLENSKA SÍÐIS FLE 37703 0607

### Aukið rými og bætt þjónusta í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Umfangsmiklar breytingar hafa staðið yfir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðustu misserin. Verslunar- og þjónusturýmið hefur riflega tvöfaldast og fjölmargir nýir rekstraraðilar bæst í hópinn. Veitingastöðum fjölgað jafnt og þétt og úrval verslana og vöruframboð hefur aldrei verið glæsilegra.

### Fáðu meira – mættu fyrir!

Við hvetjum alla farþega til þess að mæta tímanlega og njóta alls þess sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur upp á að bjóða. Hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu flugstöðvarinnar á [airport.is](http://airport.is).

### Munið! Innritun hefst 2 tímum fyrir brottför!





**MINNIST HELFARARINNAR** Emil Alperin, 85 ára maður frá Úkraínu, leggur blóm á jörðina við aðalhlíðið á útrýmingarbúðum nasista í Buchenwald, þar sem Alperin var fangi á sínum tíma. 70 ár eru liðin frá því búðirnar voru teknar í notkun, en þar létu um 50 þúsund manns lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dramatíkin í pólskum stjórnámum heldur áfram:

## Tveir litlir flokkar sameinast

**PÓLLAND, AP** Pólsku stjórnálflokkarnir Sjálfsvörn og Bandalag pólskra fjölskyldna hafa ákveðið að sameinast og nefna sameinaða flokkinn Bandalag og sjálfsvörn. Báðir flokkarnir eru í ríkisstjórn ásamt þriðja flokknum, Lög og réttlæti, sem er mun stærri og öflugri flokkur en þeir báðir til samans.

Í byrjun síðustu viku rak Jaroslaw Kaczynski forsætisráðherra, sem jafnframt er leiðtogi Laga og réttlætis, Andrzej Lepper úr ríkisstjórninni, en Lepper hafði verið bæði landbúnaðarráðherra og aðstoðarforsætisráðherra.

Mikil umræða hefur farið fram

innan Sjálfsvarnarflokks Leppers hvort flokkurinn ætti að segja sig úr stjórninni, sem hefði þýtt að stjórnin væri fallin og boða þyrfti til kosninga, en Lepper tók í gær af skarið um að flokkurinn væri áfram í stjórninni, en að litlu flokkarnir tveir myndu jafnframt sameinast og þannig styrkja stöðu sína gagnvart flokki forsætisráðherrans.

Lepper var rekinn vegna ásakana um spillingu, en sjálfur segist hann alsaklaus.

Sameinaði flokkurinn leggur áherslu á að Pólland gefi ekkert eftir í ágreiningsmálum við Evrópusambandið.



**ROMAN GIERTYCH OG ANDRZEJ LEPPER** Leiðtogar tveggja litlu flokkanna í ríkisstjórn Póllands skýrðu í gær frá því að flokkarnir verði sameinaðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bíla- og bifhjólamenn hittast:

## Mótmæla hraðakstri

**UMFERÐ** Bifhjólamenn úr Sniglunum og bílaeigendur ætla að koma saman á morgun til að áréttta, sérstaklega við unga ökumenn, að aka hægar og nota bílbeltin. Áætlað er að hittast hjá KFC í Mosfellsbæ klukkan 18.30 og aka að Gljúfrasteini í Mosfellsdal. Guðmundur Ari Jenson snigill skipuleggur þennan viðburð. „Ég þekkti þann sem lést í umferðarslysinu um þarsíðustu helgi og datt þetta í hug,“ sagði Guðmundur, „Haft hefur verið samband við bílaklúbba og við skorum á alla til að mæta. Við munum aka með hvíta borða um handlegginn.“

- pal

Staða barna styrkt:

## Samráðshópur skipaður

**FÉLAGSMÁL** Alþingi samþykkti 13. júní síðastliðinn þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í þingsályktunartillögunni er kveðið á um að á vettvangi

**BRAGI**

**GUÐBRANDSSON**

Stjórnarráðsins skuli skipaður samráðshópur fulltrúa félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála, dóms- og kirkjumála, fjármála- og menntamálaráðuneyta.

Meginhlutverk samráðshópsins er að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerða í þágu barna og barnafjölskyldna. Formaður hópsins er Bragi Guðbrandsson.

- pal

Beltagrafa sem var við vinnu nálægt vatnsbóli Húsavíkur sökk í mýri:

## Sökk upp að miðju stjórnhúsi

**HÚSAVÍK** „Hún sökk einhverja metra niður en það er erfitt að átta sig á hversu djúpt. Allavega náði drullan upp að miðju stjórnhúsi öðrum megin,“ segir Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Hóls. Beltagrafa í eigu Hóls sökk í mýri þegar hún var við vinnu á vegum Orkuveitu Húsavíkur nálægt vatnsbóli bæjarins.

Að sögn Björns voru hans menn upp undir hálfan sólarhring að moka gröfuna upp með annari gröfu. „Það fór allur dagurinn eftir í að þrifa gröfuna. Stjórnhúsið var orðið fullt af drullu,“ segir hann. Björn segir að það geti reynst erfitt að ná öllum aurnum burt.

„Það leynist alltaf einhver drulla sem erfitt er að ná burt. Hún harðnar síðan og slöngur og annað nuddast utan í. Það getur orðið



**SÖKK Í MÝRI** Það tók starfsmenn Hóls hálfan sólarhring að moka gröfuna upp með annari gröfu.

MYND/BJÖRN SIG.

hvítleitt,“ segir hann.

„Þetta gerist stundum í þessum bransa. Þessi grafa fór til dæmis

nokkrum dögum síðar út í sveit til að ná upp gröfu sem sökk einnig í mýri.“

- avi

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Á hraðferð við Hvolsvöll

Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði 54 ökumenn fyrir of hraðan akstur um helgina, og er það mjög mikið að sögn varðstjóra. Margir voru á yfir 120 kílómetra hraða og sá sem hraðast ók mældist á 146 kílómetra hraða.

### DÓMSMÁL

#### Faldi amfetamín í miðstöð

Maður um títugt hefur verið dæmdur til að greiða 170 þúsund króna sekt fyrir vörslu rúmlega 17 gramma af amfetamíni, sem hann reyndi að fela í miðstöð bíls á Akureyri. Hann hefur áður gerst sekur um þjófnaðar-, umferðarlaga- og fíkniefnabrot.

#### Unglingsstúlkur stálu víni

Þrjár unglingsstúlkur hafa í Héraðsdómi Norðurlands eystra verið dæmdar fyrir að stela fjórum koniaksflöskum, vodkaflöskum og tólf freyðivínsflöskum af vörubretti á Akureyri í apríl. Ákvörðun refsingar er frestað haldi þær tveggja ára skilorð.

„HVER NENNIR AÐ HANGA Í BÆNUM Á SUMRIN?“



LÉTTUR Í LUND Þessi lundi kippti sér ekki upp við buslið á háyrningunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON



DJARFUR Ungur háyrningur gerði farþegum bátsins bilt við þegar hann elti skrúfuna.



FRÍÐSAMIR HÁHYRNINGAR Háyrningarnir hirtu lítið um mannfólkið og átu síldina.



KYRRLÁTT KVÖLD Blíðan lék við Eyjamenn í háyrningaleit.

## Hópur háyrninga lék listir sínar fyrir Eyjamenn í veðurbliðunni á sunnudagskvöld: Höfðu gnægð síldar að éta

**NÁTTÚRA** Vaða háyrninga skemmti ferðalöngum í veðurbliðunni sunnan af Stórhöfða við Heimaey á sunnudagskvöld. Í vöðunni var ungur háyrningur sem synti svo nærri bátunum að ónotahrollur fór um

suma farþegana. Engin hætta var þó á ferðum og voru háyrningarnir hinir friðsömustu. Nóg höfðu þeir líka annað að éta, enda mældi dýptarmælir bátsins gnægð af síld í sjónum.

-sgj



FORESTER

SUBARU



SYMMETRICAL AWD

Subaru Forester sameinar það besta úr fólksbíl og jeppa. Hann er lipur í akstri eins og fólksbíl en hefur dráttar- og drifkraft á við marga stærri jeppa.

„Mér finnst stundum eins og ég sé á tveimur bílum. Ég kemst í þröng stæði innanbæjar en dríf síðan í torfærum á landsbyggðinni eins og ekkert sé.“

Forester liggur mjög vel á veginum en er samt með mun meiri veghæð en aðrir jeppingar. Hann er á svipuðu verði og venjulegur fólksbíl þrátt fyrir að vera með 158 hestafla vél, sem er mun meiri kraftur en í mörgum stærri jeppum.

„Maður er orðinn of góðu vanur á

Forester. Það er í raun ótrúlegt hvað maður fær rosalega mikið fyrir lítið.“

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

„Hey, þetta er Ísland!“


**200.000 kr. ferðapakki** fylgir öllum nýjum Forester. Innifalið: Upphækkun, heilsársdekk og dráttarbeisli.

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.890.000,-** Forester LUX **3.190.000,-**

<b>Ingvar Helgason</b>	Sævarhöfða 2 Sími 525-8000	Opíð: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464-7940	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990

## Svona erum við

&gt; Komur farþegaskipa til Faxaflóahafna



## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: PERSÓNUEVRND

## Getur lokað starfsstöðvum fyrirtækja

Umfjöllun um persónulegar upplýsingar, vörslu þeirra og notkun gerast æ fyrirferðarmeiri í fjölmiðlum. Einnig er mikið fjallað um eftirlitsmyndavélar og hugsanlega innrás þeirra í einkarými þegnanna. Ein er sú ríkisstofnun sem hefur á sinni könnu eftirlit með framkvæmd laga um þetta og heitir hún Persónuvernd.

**Hvað gerir Persónuvernd?** Helstu verkefni eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrir máli varðandi tækni, öryggi og skipulag við vinnslu persónulegra upplýsinga. Einnig að fylgjast með þróun þessara mála erlendis. Persónuvernd aðstoðar við gerð siðareglna og úrskurðar í ágreiningsmálum um vinnslu persónulegra upplýsinga. Stofnunin getur átt frumkvæði að því að fjalla um einstök mál.



## Hvaða vald hefur stofnunin?

Persónuvernd getur bannað notkun áveðinna upplýsinga og mælt fyrir að þeim skuli eytt. Hún getur þannig falið lögreglustjóra að innsigla starfsstöð fyrirtækis og sektað það þar til fyrirtækið fer

eftir fyrir mælum stofnunarinnar. **Hverjar eru þessar upplýsingar?** Upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, trú og aðrar lífsskoðanir teljast „viðkvæmar“ í lögum um persónuvernd. Einnig upplýsingar um samskipti einstaklinga við réttvísina. Upplýsingar um heilsu, erfðaeiginleika, lyfja- og vímuefnanotkun, um kynhegðan og stéttarfélagsaðild ber einnig að vernda. **Er þetta umdeild stofnun?** Já, að vissu leyti. Sem dæmi má nefna að sumir gagnrýnendur telja Persónuvernd vinna gegn gagnsæi í þjóðfélaginu og þannig gegn opnu og upplýstu lýðræðiskerfi. Aðrir segja hana vernda einstaklingana fyrir eftirlitsstofnunum og stórfyrirtækjum sem vilji nýta persónulegar upplýsingar sér í hag.

## SPURT &amp; SVAR

PURRKAR Á ÍSLANDI



HARALDUR ÓLAFSSON  
Veðurfræðingur

## Vindröst ræður ferðinni

Sumarið hefur verið óvenju þurr og hlýtt um sunnan- og vestanvert landið. Lægðir hafa farið fyrir sunnan Ísland yfir löndin við Norðursjó og Eystrasalt. Haraldur Ólafsson er veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands.

## Hvað veldur því að lægðir fara fram hjá landinu?

Í stuttu máli er vindröst í nokkura kílómetra hæð þar sem blása sterkir vestanvindar. Þessi vindröst stjórnar lægðagangi og hún hagar sér tilviljanakennt og hrekkur úr einni stöðu í aðra. Hún getur verið kyrr í sömu stöðu í nokkra daga eða vikur. Það hefur gerst núna. Vindröstin liggur yfir Bretlandseyjum og Norður-Evrópu. Því fara allar lægðir þar yfir og hefur nánast ekki stýtt upp þar í allt sumar.

## Harðar deilur um Rio Tinto

Í síðustu viku var greint frá því að ensk-ástralska námafélagið Rio Tinto hefði gert tilboð í kanadíska álfyrirtækið Alcan, móðurfélag Alcan á Íslandi sem rekur álverðið í Straumsvík. Þessi tíðindi hafa farið misvel í menn hér á landi því fyrirtækið er umdeilt.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði á Morgunvaktinni á Rás 1 á föstudaginn að hann hefði ekki áhuga á að fá hingað til lands fyrirtæki sem hefði átt í hördum deilum við umhverfisverndarsamtök. Hann sagði að ekki væri þörf fyrir annan álrisa á Íslandi og sérstaklega ekki ef orðspor hans væri slæmt. Össur sagði að það væri ekki sjálfgefið að þeir samningar sem gerðir hefðu verið við Alcan myndu einnig gilda ef kaup Rio Tinto á fyrirtækinu myndu ganga í gegn.

Valgerður Sverrisdóttir, fyrrverandi iðnaðarráðherra, hefur gagnrýnt orð Össurar og spurt hvort ríkisstjórnin hygðist beita sér fyrir því að álverinu í Straumsvík verði lokað ef tilboðinu verður tekið.

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason fer hördum orðum um Rio Tinto í bók sinni Draumalandinu sem kom út í fyrra. Andri

## RIO TINTO

- **Stofnað:** 1873.
- **Land:** Ensk-ástralskt.
- **Starfar í:** Bandaríkjunum, Ástralíu, Suður-Ameríku, Eyjaálfu, suðurhluta Afríku og í Evrópu.
- **Vinnur meðal annars:** ál, kol og baxít.
- **Velta ársins 2006:** rúmí 1500 milljarðar.
- **Hagnaður árið 2006:** tæpir 500 milljarðar króna.
- **Yfirtökutilboð í kanadíska álfyrirtækið Alcan:** Tæpir 2.300 milljarðar.
- **Tenging við Ísland:** Ef fyrirtækið kaupir Alcan mun það eignast álverðið í Straumsvík.
- **Gagnrýnt fyrir:** ýmis konar meint mannréttindabrot og umhverfisþjöll víðs vegar um heiminn.

segir í bókinni að fyrirtækið hafi verið kallað „versta fyrirtæki í heimi“ og vísaði til þingsályktunartillögu sem 57 þingmenn skrifuðu undir í breska þinginu árið 1998 þar sem Rio Tinto var fordæmt fyrir skeytingarleysi í umhverfismálum.

## Rio Tinto og Ísland

Félagið Rio Tinto var stofnað árið 1873 þegar það byrjaði að stunda námagröft við ána Rio Tinto nærri Huelva á Suður-Spáni. Tilboð þess í Alcan hljóðar upp á 2.300 milljarða króna. Stjórn Alcan hefur mælt með því að hluthafar í fyrirtækinu samþykki yfirtökutilboðið. 2/3 hlutar þeirra þurfa að samþykka tilboðið til að kaupin gangi eftir.

Ef Rio Tinto kaupir Alcan mun nýja fyrirtækið heita Rio Tinto Alcan og verður stærsti álframleiðandi í heimi. Fyrirtækið er með starfsemi úti um allan heim en þó mest í Bandaríkjunum og í Ástralíu, og mun Ísland bætast í hópinn ef tilboðið í Alcan verður samþykkt.

Hagnaður fyrirtækisins á síðasta ári var nærri 500 milljarðar króna.

## Mengun við Hull

Rio Tinto hefur verið gagnrýnt harðlega í mörgum löndum, til dæmis á Englandi þar sem það rak málmbraðslu nærri Hull frá 1967 til ársins 1991. Rannsóknir sýndu fram á að háa tíðni krabbameins meðal 1.500 fyrrum starfsmanna málmbraðslunnar mátti rekja til þess að fyrirtækið fór ekki eftir reglum um mengunarvarnir og starfsmennirnir voru ekki nægilega varðir gegn alls kyns eitur-



VERKSMÍÐJA RIO TINTO Í KWINANA Í PERTH Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, sést hér heimsækja verksmiðju Rio Tinto í apríl í fyrra.

efnum eins og blýi, arseníki og geislavirkum efnum sem þeir komust í snertingu við í verksmiðjunni. Auk þess bærust eiturefnin út í andrúmsloftið og ollu íbúum í nærliggjandi byggðum heilsutjóni. Á sjöunda hundrað skaðabótakröfur voru lagðar fram gegn fyrirtækinu og stóðu málaferlinn gegn því yfir í sjö ár.

## Meint brot í Eyjaálfu

Annað þekkt dæmi um meint brot Rio Tinto eru málaferli sem íbúar á Bougainville-eyju á Papúa Nýju-Gíneu norðaustan við Ástralíu hafa rekið gegn því í Bandaríkjunum. Rio Tinto stundaði námugröft á eyjunni frá því á fyrri hluta áttunda áratugarins þar til í lok þess nunda og væna íbúar eyjunnar fyrirtækið um að hafa orðið valdur að heilsutjóni og dauða margra íbúa hennar vegna þess að það

hugaði ekki nægilega vel að mengunarvörnum. Jafnframt halda þeir sem reka málið því fram að fyrirtækið hafi átt í samvinnu við ríkisstjórn Papúa Nýju-Gíneu til að berja niður mótmæli eyjarskeggja gegn námunni, ofbeldi sem talið er að hafi orsakað dauða þúsunda.

Jafnframt er talið að Rio Tinto hafi reynt að fá starfsmenn þess í Ástralíu til að segja sig úr verkalýðsfélögum í lok tíunda áratugarins og olli það miklum deilum í landinu.

## Hvað gerir ríkisstjórnin?

Margar slíkar sögur er hægt að finna um meinta vanrækslu og brot Rio Tinto og rökstyðja Össur og Andri fyrirtækið með því að vísa til slíkra sagna. Hvort þær verði til þess að því verði meinað að reka álverðið í Straumsvík er enn um sinn óvíst, meðal annars vegna þess að ekki hefur verið gengið frá sölunni á Alcan. En það hljóta að teljast nýmæli að ráðherra lýsi skoðunum sínum á slíku fyrirtæki opinberlega á eins afdráttarlausan hátt og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra gerði í síðustu viku eftir að fréttist af yfirtökutilboði Rio Tinto í Alcan.

## Auglýsingasími

512  
550  
550



- Mest lesið

**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hefur brugðist harkalega við fréttum um að ensk-ástralska námafyrirtækið Rio Tinto hafi gert yfirtökutilboð í Alcan, sem rekur álverðið í Straumsvík.



FRÉTTASKÝRING  
INGI FREYR VILHJÁLMSON  
ingifreyr@frettabladid.is

HAFÐU ÞAÐ **FLOTTASTA** Í STURTUNNI!


**SÉR  
TILBOÐ!**  
Á MEÐAN  
BIRGÐIR ENDAST

**STURTU  
GLER  
VEGGIR  
OG HURÐIR**  
- beint á gólf

8 eða 10 mm  
öryggisgler með festingum




**VELDU  
ÞITT GLER  
EFTIR STÆRÐ**



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir  
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm

**GLER HURÐIR** stærðir  
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125,  
130, 135, 140, 145, 160 og 165 sm

**VELDU  
RENNIHURÐ  
ÚR GLERI  
EFTIR STÆRÐ**



**GLER ENDAVEGGIR** stærðir  
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

**GLER RENNIHURÐIR** stærðir  
80 sm, 85 sm, 90 sm

**STURTUHORN  
ÚR GLERI**  
- beint á gólf

VM 321  
8 mm öryggisgler  
Rammalaust bogahorn  
m krómfestingum



VM 531  
8 mm öryggisgler  
Rammalaust  
m krómfestingum

kynntu þér úrvalið á [www.i-t.is](http://www.i-t.is)  
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**  
- fyrir þitt heimili





## Leikföng

Umhverfsvæn leikföng sem eru jafnramt örvandi fyrir ímyndunaraflíð fást í verslunni Börn náttúrunnar við Skólavörðustíg. Heimili 3



## Fótaheilsa

Jónína Hallgrímsdóttir fóthirðir og fót-snyrtifræðingur segir að fólk þurfi að huga vel að fótunum. Því miður séu skór oftast framleiddir fyrir augun en ekki fæturna. Heilsa 2



# allt


HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## Greipávöxtur getur valdið brjóstakrabbameini

Einn greipávöxtur á dag getur aukið líkurnar á brjóstakrabbameini.

Með því að borða einn greipávöxt á dag aukast líkurnar á brjóstakrabbameini um næstum þriðjung samkvæmt nýrri rannsókn sem unnin var í Bandaríkjunum við háskólann í Suður-Kaliforníu og Hawaii. Rannsóknin náði til 50 þúsund kvenna á breytingaraldrinum og sýnir að aðeins einn fjórði af greipávöxtinum jók líkurnar um allt



að 30 prósent.

Talið er að ávöxturinn auki estrógenmagn líkamans, en það er hormón sem talið er tengjast hættunni á brjóstakrabbameini. Greint var frá þessu í nýjasta eintakinu af British Journal of Cancer.

Vísindamennirnir sem unnu rannsóknina ásamt öðrum sérfræðingum voru sammála um að þörf væri á frekari rannsóknum.

- kep



Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur kennir foreldrum og öðrum uppalendum að koma gildum sínum áleiðis til barna. Nánar á [www.life-navigatíon.is](http://www.life-navigatíon.is).

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Að uppgötva eigin gildi og koma þeim áleiðis

Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur heldur námskeiðið *Sæl og sátt börn, fjölskyldan í jafnvægi*.

„Ég kenni foreldrum og uppalendum að uppgötva eigin gildi og koma þeim á framfæri til barna,“ segir Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur og framkvæmdastjóri Live-Navigation, um námskeiðið *Sæl og sátt börn, fjölskyldan í jafnvægi*, sem haldið verður 15. september næstkomandi á Hótel Nordica.

„Það er alls ekki verið að segja fólki hvaða gildi séu rétt, þar sem þau geta verið svo mismunandi eftir fjölskyldum, og það er reyndar mjög mikilvægt að fólk átti sig á því,“ segir Ágústína, sem hafði áður innleitt námskeiðið SOS-hjálp fyrir foreldra og haldið í tvö ár áður en Félagsvísindastofnun keypti það af fyrirtæki hennar árið 2001. SOS-hjálp fjallaði um uppeldistækni og atferlismótun við uppeldi barna og er *Sæl og sátt börn* nýr vinkyll á þá umræðu.

„Áhersla er á fjölskyldugildin,“ segir Ágústína. „Að kenna fullorðnum að láta til sín taka, svo þeir láti ekki umhverfið móta börnin. Þess vegna er gott að uppfæða börn um umhverfið. Til dæmis með því að fara í skoðunarferð um nágrennið og gera það spennandi með því að flétta inn í fróðleik eins og sögu, landa- og umhverfisfræði.“

Slíkt er gott mótvægi við allar upplýsingarnar sem börn þurfa að takast á við án þess að búa yfir þroska til þess að vinna úr þeim á víðeigandi hátt. Eins og í tölvuleikjum þar sem lagt er upp úr einstaklingshyggju, karlmennsku og töffaraheitum, án þess að börnin skilji út á hvað slagsmálin ganga.“

Þess skal getið að þótt námskeiðið fjalli um börn eru þau ekki fyrir börn. Ágústína segist hins vegar til í endurskoða það, sé vilji fyrir hendi innan foreldrahópsins og sé þá hægt að vinna með börnin í samráði við foreldra þeirra.

roald@frettabladid.is



Betra er að skilja iPodinn og símann eftir heima í þrumuveðri.

## Enga tónlist í þrumuveðri

Í nýjasta tímariti *New England Journal of Medicine* er líkum að því leitt að mp3-spilarar geti verið hættulegir í þrumuveðri.

Læknar frá Vancouver í Kanada hafa varað fólk við því að fara út með mp3-spilara í þrumuveður í nýjasta hefti læknaritsins *New England Journal of Medicine*.

Læknarnir rekja í bréfi til blaðsins mál ungs manns sem fékk eldingu í sig þegar hann fór út að skokka í þrumuveðri. Maðurinn var með iPod og varð

blanda svita hans og leiðni spilarans til þess að eldingu sló niður í manninn.

Maðurinn brenndist illa á eyrum, bringu og vinstri fótlegg, eða á öllum þeim stöðum sem spilarinn snerti. Eldingin sprengdi einnig hljóðhimnur mannsins.

Læknarnir segja að raftæki eins og mp3-spilarar einir saman laði ekki að sér eldingar en þegar vökva og svita sé blandað í málið geti þeir verið varhugaverðir. Þeir beina því þeim tilmælum til fólks að skilja raftækin eftir heima í þrumuveðrum.

- tq

**JÚLÍ**  
**Kafbátur mánaðarins**  
**PIZZABÁTUR** ...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

**6 tommu bátur kr. 299**

**SUBWAY**  
Ert þú á leiðinni út úr bænum?  
Þú færð kafbát allan sólarhringinn  
á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut

Gildir í júlí 2007  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnumáli



**Reykjavíkumaraþonið** er eftir mánuð. Það er kominn tími til að ganga frá skráningu og finna réttu fötin og útbúnaðinn fyrir hlaupið. Þeir sem ekki hlaupa heilt maraþon geta skokkað 3 eða 10 kílómetra, þannig að flestir geta tekið þátt.

**Fyrir liðamót og bein**

**Heilsu-hornið**

Þótsendum um land allt

Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lífandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mostellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

**Stinnari á 4 vikum...**

Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

**SLENDERTONE**  
System belt fyrir kvíðvöðva  
dömu / herra  
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
www.hreysti.is

eða 6.660 á mánn. í 3 mánn.

**Morning Fit**  
bjargar næsta degi

dregur úr og getur komið í veg fyrir hin þekktu heilsufarslegu eftirköst áfengisneyslu

morning fit taffa inniheldur vítamín og sérstaka gertegund sem nefnist KR9 dregur ekki úr magni alkohóls í blóðinu

Hangover helper  
**Morning Fit**  
Dietary supplement

**Til Sölu**

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi  
Uppl. í s. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá



Jónína vill sýna fótunum sérstaka umhyggju og sendir skóframleiðendum tóninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Skórnir ekki framleiddir fyrir fætur heldur augað

**Mikið mæðir á undirstöðum líkamans, ekki síst í gönguferðum.** Jónína Hallgrímsdóttir, fótisnyrtir og fóttaaðgerðafræðingur, þekkir það úr sínu starfi.

„Þetta er þörf umræða því fólk stundar svo mikið göngur á þessum árstíma og þá verður að sýna fótunum sérstaka umhyggju,“ segir Jónína þegar hún er beðin að miðla af sínum viskubrunni. „Mikilvægt er til dæmis að klippa táneglur áður en haldið er af stað í fjallgöngu. Annars getur myndast þrýstingur í naglrótinni þegar gengið er niður brattar hlíðar og blætt inn á neglurnar. Það er sársaukafullt. Gúmmíplástur ætti líka alltaf að vera meðferðis þegar farið er í langa göngu. Hann er eins og aukaskinn og getur alveg tollað á í nokkra daga. Það getur

verið gott að setja hann á álagspunkta, til dæmis hælana og litlu tærnar áður en lagt er af stað. Að minnsta kosti er nauðsynlegt að hafa hann með og ef fólk finnur fyrir særindum er mikilvægt að setja hann á strax. Sigg, til dæmis á litlu tanni, getur líka orðið til mikilla óþæginda. Yfirleitt kemur blaðra undir því og ef hún springur veldur það bæði sýkingarhættu og sársauka.“ Jónína rekur fóttaaðgerða-nudd og snyrtistofuna Jónu bæði í Tryggvagötu 28 í Reykjavík og Hamraborg 10 í Kópavogi. Hún segir marga koma til sín á stofu eftir gönguferðir sem hefðu betur komið áður. „Það er sniðugt að fara í fótisnyrtingu svona viku áður en lagt er í langar gönguferðir,“ ráðleggur hún. Þótt freistandi geti verið að smeygja sér úr skóm og sokkum í miklum sumarhitum og ganga berfættur segir Jónína

það varhugavert. „Við þurfum oft að taka glerbrot, hár og flísar úr fótum fólks hefur gengið berfætt. Þar af eru glerbrotin hættulegust,“ segir hún og lýsir því að brotin gangi æ dýpra inn í fótinn vegna álagsins og geti allt í einu farið að þrýsta á taug. Talið berst að öðrum fótmeinum og hættunni á stoðkerfisvandamálum í framhaldi af þeim. Ýmislegt segir Jónína hægt að leiðrétta með innleggjum. „Aðalvandamálið í sambandi við fæturna er þó að flestir skór sem fást í búðunum eru ekki framleiddir fyrir fætur heldur fyrir augað. Þeir eru nánast allir of þröngir yfir tærnar,“ segir hún ákveðin. „Svörum líkamans er að mynda harða húð milli tanna og síðan fer þessi varnarhúð að meiða. Mér finnst við ekki eiga að láta bjóða okkur þetta. Við þurfum skó fyrir fætur.“

gun@frettabladid.is

## Munnangur algengara hjá konum

**Flestir þekkja óþægindin sem hljófast af því að fá munnangur, sem er sársaukafullt sár í munni með hvítri áferð, af óþekktum uppruna. Hugtakið munnangur er mjög teygjanlegt og getur verið allt frá minniháttar ertingu til krabbameins í munni.**

Helstu einkenni munnangurs eru lítil og afar viðkvæm sár sem eru aðskilin hvert frá öðru. Ýmist getur komið eitt stakt sár eða mörg í þyrpingum og roði í kring. Orsakir munnangurs geta verið margvíslegar og eru ekki enn þekktar með óyggjandi hætti. Þó er talið að streita, járnskortur og vítamínskortur geti stuðlað að munnangri en einnig getur það orsakast af áblæstri, síendurteknu munnangri, sárásótt, lekanda, þrusku eða annars og hafa flestir þeirra sjúkdóma önnur líkamleg einkenni. Séu ekki önnur líkamleg einkenni til staðar er líklegast að um áblástur eða síendurtekið munnangur sé að ræða.



Enn hefur ekki fundist skýring á því hvers vegna munnangur myndast í munnholi þótt ýmsar hugmyndir séu um orsakir.

Sárin eru yfirleitt sársaukafull í þrjá til fjóra daga en læknað jafnan á einni til tveimur vikum. Sárin koma aftur og aftur, stundum um það bil mánaðarlega eða nokkrum sinnum á ári og geta verið allt að tíu til fimmtán talsins í hvert sinn.

Sjúkdómurinn er algengari hjá konum en körlum og orsök hans er óþekkt þótt grunsemdir beinist að eins konar staðbundnu svári ónæmiskerfisins án þess að um sé að ræða ofnæmi fyrir einhverju sérstöku. Ekkert lækisráð er þekkt sem lækna þennan sjúkdóm en talið er að skortur á járn, B12-vítamíni og fólínsýru geti gert hann verri. Góð tannhirða er mikilvæg og auk þess að bursta tennurnar vel er gott að nota munnskol tvisvar á dag. Þá er hægt að fá Bonjela-hlaup í apóteki en það er hlaup sem er sýkladrepaandi, bólgueyðandi og staðdeyfandi og er notað til staðbundinnar notkunar í munnholi við munnangri, særindum frá gervitönnum og við óþægindi vegna tanntöku. Corsodyl er annað hlaupkennt efni sem virkar gegn ýmsum sveppum og er meðal annars notað gegn munnangri og til munnhreinsunar. Einnig má draga úr óþægindum vegna munnangurs með ýmsum verkjalyfjum sem fást án lyfseðils en rétt er að ráðfæra sig við lyfjafræðing um val á lyfjum við munnangri og notkun þeirra.

- sig

**Lautarferð** með mömmu, pabba, öfum, ömmum, frænkum og frændum er tilvalin um helgi í sumar. Til dæmis á Þingvöllum eða við Geysi.



Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir og John Tómasson opnuðu verslunina Börn náttúrunnar fyrir rúmu ári síðan og eru hér stödd í búðinni ásamt dætrum sínum þremur: Ynju, Kóru Lind og Pulu Gló.

## Umhverfisvæn og opin leikföng

Verslunin Börn náttúrunnar við Skólavörðustíg er um margt ólík öðrum leikfangaverslunum. Hjónin Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir og John Tómasson selja þar leikföng sem eru vistvæn og um leið örvandir fyrir ímyndunarafl barnsins.



Mikið úrval af skemmtilegum tréleikföngum má finna í versluninni Börn náttúrunnar.

„Við horfum til þess ímyndunarafls sem við fæðumst öll með og það má segja að sextíu til sjötíu prósent af leikföngunum í búðinni séu nærandi fyrir þennan þátt,“ segir Sigrún og á þar við að vekja ímyndunarafl barnsins og viðhalda því. „Ég kalla leikföngin opin leikföng því þau geta breyst í hest eða hvað sem á við í leik barnsins hverju sinni,“ bætir hún við.

Hitt sérkennið á búðinni segir Sigrún vera að leikföngin þar eru umhverfisvæn. „Þau eru öll náttúrugerð og brotna upp í

þannig hvaðan leikfangið kemur og hvernig það er búið til þannig að það fær meiri umhyggju og virðingu fyrir leikfanginu,“ segir hún.

Hugmyndina á bak við búðina segir Sigrún hafa vaknað þegar hún var í uppeldisfræðinámi þar sem hún lærði að verða Waldorf-uppeldisfræðikennari. „Í stuttu máli snýst Waldorf-stefnan um að í grunninn er litið á barnið sem þrjúþætta manneskju sem þarf að mennta á þrjúþætta máta. Í gegnum hugann, hjartað eða tilfinningar og höndina. Það er því ekki nóg að kenna barninu vitsmunalega heldur verðum við líka að kenna því með því að gera, finna, þreifa á og fleira þannig að það er mjög mikið um handverk, leiki, takt og fleira sem huga þarf að í uppeldinu,“ segir Sigrún sem lagði upp með slíka hugsjón þegar þau hjónin opnuðu verslunina fyrir um einu og hálfu ári síðan.

Sigrún er mjög hrifin af silki-vörum og selja þau hjónin mikið af slíkum vörum í verslun sinni, jafnt búninga sem hlýjan fatnað úr silki.



náttúrunni. Líklega eru um níutíu prósent leikfanganna í búðinni umhverfisvæn.“ Sigrún segist hvetja foreldra til að búa til leikföngin sjálfir ef þeir hafi tök á því í stað þess að koma og versla hjá henni. „Barnið upplifir



Mjallhvít og dvergarnir sjö eru sígild leikföng og í Börnum náttúrunnar fást þau öll úr tré.

### Prjónað úr marsipani

TREFLA- OG PRJÓNAPÉYSU-SKREYTTAR MÚFFUR.

Kökuskreytingar geta verið mikil list eins og sjá má á þessum skemmtilegu múffum sem skreyttar eru með treflum og peysum úr marsipani. Stúlka að nafni Lolo bjó þær til og á heimasíðu hennar vegan-yummy.com er nákvæm verklýsing svo hver sem er getur haft þetta eftir. Á vefsíðu hennar er jafnframt



Lolo hugar að hverju smáatriði og hefur jafnframt komið fyrir prjóni á einni múffunni.

mikið úrval af uppskriftum af grænmetisréttum.

- kep

### Ekkert mál -að verða mál



#### TravelJohn

TravelJohn pokarnir eru finn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum: Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan, [www.donna.is](http://www.donna.is) [www.traveljohn.com](http://www.traveljohn.com)



### Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

#### G. PÁLSSON EHF.

Símar 462 – 2272 og 896 - 0423

allt bílar  
Alla laugardaga

## Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmunum. Allt upp í 90 % afsláttur. Allt á að seljast.

Erum í Dugguvog 2 (GG húsið)  
S: 557 9510

Sófar, svefnsofar, rúm, borð, eldhúsinnréttingar, borðstofuborð, stólar og fleira.



 Stærð 240x122 Verð: 119.396	 Stærð 123 x 100 x 45cm Verð: 60.875	 Stærð 140 x 92 x 32cm Verð: 49.669	 Stærð: 370 cm x 150 cm Verð: 239.000kr
 Stærð á burðarfleti 370 x 150cm Verð: 185.505	 Stærð á burðarfleti 370 x 150cm Verð: 148.155	 Stærð á burðarfleti 280 x 155cm Verð: 98.998	 Stærð 230 x 122 x 40cm Verð: 78.998

### TILBOÐ Í JÚLÍ

Öllum kerrum fylgir garðlýsing að verðmæti 15.900 kr.

Allar þessar kerrur eiga það sameiginlegt að fást hjá okkur og miklu meira til. [topdrive.is](http://topdrive.is) Smiðjuvellir 3 Keflavík Sími: 422-7722



5125050  
Auglýsingasími  
Mest lesið





VELFAC

# Gluggar fyrir lífið

formaco

- Ál-tré gluggar
- Lágmarks viðhald
- Falleg og tímalaus hönnun
- Aukin vörn gegn innbrotum
- 15 ára reynsla á Íslandi
- 10 ára ábyrgð

[www.formaco.is](http://www.formaco.is)

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · [formaco@formaco.is](mailto:formaco@formaco.is)

# gott á grillið

ÞRIÐJUDAGUR 17. JÚLÍ 2007



Galdurinn á bak við grillsósuna  
Grillsósa úr hundasúrum og grillaðri papríku **BLS. 4**



## BBO svínarifin frá Jensen's eru frábær á grillið eða í ofninn

Rifin eru forelduð og taka því stuttan tíma á grillinu

Jensen's svínarifin finnur þú í eftirtöldum verslunum:



● **LAX Á GRILLI MEÐ GRÁÐAOSTI** Hér er stutt og einföld uppskrift að hollum og góðum grillrétti. Skornar eru rendur þvert í flak af laxi. Gráðaosti er komið fyrir í röndunum og piprað örlítið. Flakinu er komið fyrir á álþakka og skellt á grillið. Þessi réttur er unaðslega góður, sérstaklega með léttri jógúrtsósu sem auðvelt er að hrista fram úr erminni. Takið eina dósi af hreinni jógúrt og skerið graslauk út í. Þeir sem vilja geta kreist eins og eitt hvítlauksrif út í sósunu.



Þegar komið er að grillinu gildir bara að prófa sig áfram. Ferskur ananas er til dæmis góður grillaður.

## Óhefðbundið grill

Hægt er að grilla ýmislegt sem ekki er „hefðbundinn“ grillmat. Þar á meðal er ferskur ananas en hann er lostæti grillaður. Hann er hægt að bera fram einan og sér eða setja vanilluískúlu ofan á skífuna og búa til framandi eftirrétt.

Fæstum dettur í hug að gott sé að grilla fetaost. Sé honum velt upp úr sykri og hann grillaður létt verður hann hins vegar að

fyrirtaks forrétti. Svo má einnig bregða út af vananum og nota annað brennsluefni en kol eða gas. Hægt er að grilla yfir rjúkandi birkikubb eða furugreinum og fá þannig keim náttúrunnar í grillmatinn. Bíða þarf eftir því að logarnir hverfi en það getur tekið nokkurn tíma svo slíkar grillveislur kalla á nokkurn undirbúning.

-tg

## Pitsa á grillið

Pitsu er vel hægt að baka á grilli og ef eitthvað er verður hún ennþá betri en sú í ofninum. Pitsudeigið má bæði hnoða heima eða kaupa tilbúið úti í búð. Hverju er raðað á pitsuna fer síðan eftir smekk hvers og eins.

1. Hitið grillið á miðlungshita.
2. Setjið deigið á slétt yfirborð og smá hveiti undir. Skiptið deiginu í fjóra hluta og fletjið hvern þeirra út svo hann sé u.þ.b. 24 sentimetrar í þvermál og hálfur sentimetrar að þykkt. Setjið botnana á bökunarplötu eða álpappír og farið með allt út að grillinu.
3. Leggið botnana á grillið og lokið því svo. Eldið í þrjár mínútur



þar til botnarnir hafa aðeins lyft sér og eru orðnir ljósbrúnir. Athugið að botnarnir hafa að öllum líkindum breytt um lögun.

4. Notið grilltangir til að snúa botnunum við og setjið þá hráefnið ofan á sem þið viljið. Til dæmis tómatsósu, pestó og hvers kyns góðgæti.



Hákon Sæmundsson yfirkokkur á Bautanum grillar af hjartans lyst í allt sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐAJS

# Grillað af hjartans lyst

Veitingastaðurinn Bautinn á Akureyri er flestum Norðlendingum og ferðalöngum norðan heiða kunnur. Staðurinn er í sögufrægu húsi í hjarta bæjarins sem reist var skömmu eftir aldamótin nítjánhundrað og hefur boðið til borðs í 36 ár.

Bautinn er með fjölbreytta grillrétti á matseðlinum en býður jafnframt upp á grillþjónustu í veislum. Að sögn Hákonar Sæmundssonar, yfirkokks, mætir Bautinn í veislur með grill sem þeir nefna Eldvagninn og þá er ýmist hægt að velja matseðil sem nefnist Partígrill, Klassískt grill, Original grill eða Grand grill. Þar meðal annars er í boði grísaríf, kjúklingur, pylsur, kjúklingur og lamb ásamt meðlæti. Með grillmatseðlinum fylgir leirtau og matreiðslumaður sem undirbýr veisluna, eldar og gengur frá.

Hákon segir slíkar veislur vera gífurlega vinsælar til dæmis á ættarmótum, í afmælum og brúðkaupum. Enda hefur verið heitt í kolunum síðan í vor og Hákon segir að stefnan sé tekin á grill fram í desember enda veðrið alltaf gott fyrir norðan. Á grillmatseðlinum á Bautanum er bæði sígildur og framandi grillmatur og Hákon ákvað að bjóða lesendum Fréttablaðsins uppskrift af hrefnu, kálfafilet og steinbít.

rh@frettabladid.is



Hrefnan er framandi á grillið og spennandi í sumarveisluna.

Grillað hrefna með norðurljósa-bjarma og kartöfluskífum.

Hrefnukjöt  
Kartöflur  
Olía  
Gróft salt og svartur pipar  
Tómatur  
Ferskt salat  
Fetaostkur  
Ólífur  
Sólþurrkaðir tómatar  
Ein dósi sýrður rjómi  
3 matskeiðar tyttuberjasulta

Kartöflurnar eru skornar í sneiðar, penslaðar með olíu og grófu salti og svörtum pipar sáldrað yfir þær. Síðan grillað í 15 til 20 mínútur.

Hrefnan skorin í 1,5 cm þykkar sneiðar og lögð í steikar og grill olíu (hægt að nota olíu, smá sojasósu og kjötkraft blandað saman) og grillað á vel heitu grilli í stutta stund á hvorri hlið og látin jafna sig á efri grindinni á grillinu.

Sósan blönduð úr sýrðum rjóma og þremur matskeiðum tyttuberjasultu. Tómatur skorinn í tvennt og penslaður með olíu og grillaður.

Borið fram með fersku salati með fetaosti, ólífum og sólþurrkuðum tómötum.



Grillað kálfafilet. Stórgóð sunnudagssteik jafnt heima sem á ferðalagi.

Grillað kálfafilet mexíkanó með bakaðri kartöflu og graslaukssósu

Kálfakjöt  
Ein dósi sýrður rjómi  
Saxaður graslaukur  
Smá hunang  
Salt og pipar

Kryddlögur á kálf:  
4 msk. olía  
1 msk. paprika  
1 msk. karri  
Salt og pipar.

Lagið kryddlöginn og leggið kjótið í hann. Grillið kálfinn miðlungs svo hann sé ekki hlaupinn í gegn annars vill hann verða seigur.

Gott er að hafa ferska ávexti eins og ananas, vínber eða jarðarber.

Kartöflurnar eru bakaðar á grillinu með graslaukssósu. Blandið saman einni dósi sýrðum rjóma, söxuðum graslauk, smá hunangi og smakkið til með salti og pipar.



Steinbítur á grillið er frábær fyrir þá sem eru hrifnari af fiski en kjóti.

Grillaður steinbítur og grasker með fersku mangó salati.

Steinbítur  
Grasker  
Olía  
Timían  
Salt og grænn og rauður pipar  
Salat  
Ferskt mangó  
Paprika

Grasker skorið niður, lagt í olíu og kryddað með timían, salti og pipar.

Grillað í um það bil korter á vel heitu grilli, látið jafna sig á meðan steinbíturinn grillast. Steinbíturinn er kryddaður með grænum og rauðum pipar, salti og pipar eftir smekk. Borið fram með salati, fersku mangói og papriku.

## Tilboðsdagar á Grillum!



kr. 49.900

15% staðgreiðsluháttur

kr. 42.415

Slátturvelamarkaðurinn  
Ný verslun á Vagnhöfða 8  
101 Hví. S. 517-2010



Hákon Sæmundsson yfirkokkur á Bautanum og Guðmundur Karl Tryggvason, matreiðslumeistari og eigandi Bautans.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐAJS

# Ævintýralega gott á grillið!

Fjölbreytt úrval af gæða kjöti og fisk á grillið.  
Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Ljúffengar lambalundir á grillið

Mikið úrval að girnilegum fiskréttum hönnuðum af fremstu matreiðslumeisturum landsins.



*Þægindi!*

aðeins

**20**  
mínútna

eldunartími



Ferskur túnfiskur á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



*Ævintýralegar sælkerabúðir*

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Grensásvegur 48, Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1  
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100, Sundlaugarvegur 12  
Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi



## Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðuðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólánámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is [ekill@ekill.is](mailto:ekill@ekill.is)



**ER MAGINN VANDAMÁL?**

**Silicol hjálpar!**

Fæst í öllum apótekum

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið

# Galdurinn á bak við sósuna

Pálmi Jónsson, aðstoðaryfirkokkur á Vox, telur léttar sósur henta best með grillmat.

„Sósur eru gríðarlega mikilvægur þáttur þegar á að grilla, þar sem þær mýkja matinn og kitla bragðlaukana,“ segir Pálmi Jónsson, aðstoðaryfirkokkur á veitingastaðnum Vox, og bætir við að sósur séu núorðið oft léttari heldur en þekktist áður.

„Ástæðuna má rekja til þess að í gamla daga hætti Íslendingum gjarnan til að ofgrilla mat, sem varð fyrir vikið alltof þurr. Síðan drekktu þeir matnum með þykkum sósam,“ útskýrir hann. „Í dag grilla fólk kjötið ekki eins mikið og sósurnar eru hafðar annaðhvort léttar eða hreinlega taldar óþarfar.“

Pálmi segir úrval léttra sósna gott á Vox, þar sem meðal annars er boðið upp á hundasúru- og pipar-sósur. „Þetta eru tvær léttar crème fraise sósur, sem minna á salat-dressing, fara vel saman og henta nánast vel með öllu: nýveiddri bleikju, nautasteik eða lambi og er gott að bera fram ásamt grilluðu grænmeti og salati.“

Pálmi segir kryddbragðið af ljósri paprikusósunni engu lagi líkt og grænleit hundasúrusósan sé afar einföld í gerð þar sem meginuppistaðan er hundasúrir, sem lítið mál sé að komast yfir. Vaxi þetta bragðgóða blaðgrænmeti ekki úti í garði, megi alltaf nálgast það úti í búð og þá undir heitinu sorrel.

Meðfylgjandi eru uppskriftir að sósunum tveimur.

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)



Allt klappað og klárt, sósurnar tilbúnar ásamt öðru meðlæti.



Pálmi að störfum í eldhúsinu á Vox.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON



Paprikusósan er mjög bragðgóð að sögn Pálma.



Hundasúrusósan er einföld í gerð, meðal annars þar sem meginuppistaðan er hundasúrir.

### HUNDASÚRUSÓSA:

- 1 dl 10% sýrður rjómi
- 2 dl 18% sýrður rjómi
- 1 msk. majónes
- salt eða pipar
- 100 gr hundasúrir

Öllu hráefnið er blandað saman, sett í blandara og maukað. Smakkið til með salt eða pipar og majónesi þar til réttu sýrustigi er náð.

Pálmi segir gott að einbeita sér vel og vandlega að öllum undirbúningi og hráefnisvali þegar grillað er. Betra sé að hafa færri og betri rétti á grillinu svo tími gefist til að sinna gestum og hvítvinsglasinu.

### PAPRIKUSÓSA:

- 3 rauðar paprikur
- paprikukrydd
- 3 dl sýrður rjómi 18%
- 1 msk. majónes
- salt eða pipar og tabasco-sósa

Paprika er brennd á grilli. Hýði er síðan skolað eða skrúbbað af. Paprikan er því næst skorin í litla teninga. Sýrðum rjóma, majónesi og papriku er blandað saman. Smakkað til með salt eða pipar, paprikudufti og tabasco.



## Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum  
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN  
**Mörk**

STJÖRNUGRÓF 18 • SÍMI 581 4550 • FAX 581 2228  
WWW.MORK.IS MORK@MORK.IS



# ÞREFALT HÚÐRA!



Egils Lite hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006 og silfur 2004. Einnig gullverðlaun í World Beer Cup 2006. Bronsverðlaun European Beer Star 2006.



Premium hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006 og silfur 2004. Silfurverðlaun European Beer Star 2006.



Egils Gull hlaut gullverðlaun Monde Selection 2007 og 2006 og silfur 2004.

Frá margverðlaunaðri Ölgerð Egils Skallagrímssonar.

**Egils**

# Fiskmarkaður og grill á laugardögum

Sigurður hjá Víni og skel segir allt aðra stemningu felast í því að grilla en elda á hefðbundinn hátt.

„Á laugardögum er oft mikil stemning í portinu hjá okkur hér fyrir utan veitingastaðinn því þá erum við með fiskmarkað og grill í gangi klukkan ellefu til fjögur,“ segir Sigurður Rúnar Ásgeirsson matreiðslumaður á Víni og skel. „Við seljum þá ferskan krækling, ódýran humar, hrefnukjöt á spjótum og skelfiskspjót sem fólk getur tekið með sér heim á grillið eða við grillum fyrir það á staðnum,“ bætir hann við.

Sjálfur segist Sigurður hafa mjög gaman af að grilla og gerir mikið af því. „Það er mun skemmtilegri stemning í því að grilla og allt öðruvísi en að steikja á pönnu. Eins er gott að fá grillbragðið í gegn,“ segir hann og bætir því við að mikið hafi verið að gera á Víni og skel í sumar. „Það hefur verið mjög mikið um það í góða veðrinu í sumar að fólk gangi inn af götunni seinni part dags og á kvöldin, svo það er ekki nauðsynlegt að vera búinn að panta borð til að komast að hjá okkur,“ segir Sigurður.

*sigurdurh@frettabladid.is*



Grillspjótin eru girnileg beint af grillinu með grænu salati og jarðarberjum. Svo er auðvitað gott að kreista sítrónur yfir spjótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## GRILLSPJÓT

hlýri  
hörpuskel  
grænskel  
mangó  
ananas  
tómatur  
ferskur maís  
basil  
rósmarínspjót  
Salt, pipar og hvítlauksolía.

Þræðið hráefnið á rósmarínspjótin. Berið hvítlauksolíuna á og kryddið með salti og pipar.

Sigurður Rúnar Ásgeirsson, matreiðslumaður á Víni og skel, þræðir hráefni á grillspjót.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 20-50% AFSLÁTTUR

**POTTAR OG BÆDKER AF LAGER OG ÚR SÝNINGARSAL  
DAGANA 29. janúar - 2. febrúar.**



**AUKAHLUTIR  
25% AFSLÁTTUR**

GLASABAKKAR, HÖFUÐPÚÐAR,  
ÚTVÖRP, HÁFAR, HITAMÆLAR O.FL.



**TREFJAR EHF.**

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði • Sími: 555 1027 • Fax: 565 2227  
pottar@trefjar.is • www.trefjar.is



# Fljótleg og fitulítill máltíð...

## Grísalærisvöðvi beint á grillið!

Beinlaus - 100% nýting



Minna en  
5%  
fita



allir litir náttúrunnar eru okkar litir

HJÖRVI er meira en bara þakmálning  
...hentar vel á tré og málma, heldur gljáanum



*Hjörvi er ekki bara þakmálning heldur hentar hann vel á allt tréverk, galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma, bæði við ný- og endurmálun.*

*Hjörvi er vatnsþynnaleg akrýlplastþeytumálning sem heldur lit og gljáa sérlega vel, er auðveld í notkun og fljóttþornandi. Inniheldur efni til varnar gróðurmyndun.*

*Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáid góð ráð og lausnir á heimasíðunni, [www.slippfelagid.is](http://www.slippfelagid.is).*



### Arftaki fellihýsanna

**Effellama Desco 4001**  
**1.299.000,-** kr.  
 Greiðslulemt  
 Úthúsnun 250.000  
 Lamsfótt 84 mnmuðir  
 Meðslusanuburgreiddir 46 391

**FERÐAVAL**  
 LUNDI VI VESTURLANDSVEG  
 Sími 578 5500  
 www.ferdaval.is

### Tjaldvagnar

Til sölu gamall combi camp familie tjaldvagn með fortjaldi verð 120000.- einnig Toyota corolla '93 verð 150.000.- uppl í síma 897-3840

Til sölu Ægirsvagn '05, vel með farinn, með fortj. og ýmsum aukab. Selst ódyrt. S. 843 3504.

### Bílaþjónusta

## NICOLAI

BIFREIÐASTILLINGAR  
 Faxaleeni 12 Sími 588-2455

Véla og hjólastillingar  
 Timareimar - Viðgerðir

### Varahlutir

#### Bílapartar ehf

S. 587 7659.  
 Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is  
 www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

#### Partasalan Sími 557 7740

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahlutir í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

#### Japanskar Vélar, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla ofl, auk flestra gerða af Fiat og VW. S. 893 2284 & 565 3400.

Óska eftir vél í Dodge Intrepid ágg '99 2,7 vél, 200 hestöfl. Uppl. í s. 893 3300.

Varahlutir í Lancer '98 station Sunny ágg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

**KEYPT & SELT**

### Til sölu

#### EG Tónar

Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgihluta, ólar, pokar, harmonikunótur, harmoniku og geisladiskar. Mjög hagstæð verð!  
 Sími Akureyri 462 7374 & 660 1648. Sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.

### Silunganet - - - Silunganet. Heimavík ehf. 892 8655.

Til sölu tveir Römer Lord barnabílstólar kostar 28. þús út úr búð. Fást á 14. þús. uppl. síma 662 6601

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Eldavél á 8 þ. Frystikista á 10 þ. Rafmagnskrakkabílar á 30 þ. Tölvuflatkjár á 5 þ. 28" tv á 10 þ. 20" á 5 þ. Barnakerra á 3 þ. Leðurstóll á 5 þ. Línuskautar á 3 þ. Þvottavél á 10 þ. Barstólar á 3 þ. S. 896 8568.

### Þvottavélar og þurrkarar

Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkarar og ísskápur. Tökum bílaðar upp í Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Til sölu tvíbura kerruvagn á lofthjúlmum m/burðarrúmmum og skiptistösku, lítur út eins og nýr. Kostar út úr búð 60. þús. Verð 40.000. Einnig Graco barnabílstóll 0-13 kg. Verð 12.000 Litur mjög vel út. S. 662 6601

### Hljóðfæri

Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900.- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmónikum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

### Tölvur

**Hringiðan** internetþjónusta

**VEF & LÉN** hjúsingar

Verð frá **990.-** kr.

Hringiðan tekur **525 2400**  
 www.vortex.is

### Vélar og verkfæri

#### Höfum mikið úrval af dælum

Ráðgjafi /// Sala /// Þjónusta  
 Ós Ársæti 1003 2010  
 Gunnar 904 6700

**KRAFTVÉLAR**  
 Dalveg 6-8 /// 201 Kópavog

### Til bygginga

#### Pallaefni

Til sölu Brasilískur pallaharðviður (massarnduba) 25x145mm lengdir af 490cm. Finriflaður eða heflaður, hagstætt verð  
 Innviðir-Valdberg ehf.  
 Smiðjuvegi 36, rauð gata S.  
 564 3636

#### Krossviður til sölu

Úrvals vatnslímdur krossviður, 6,5 mm, 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið... Uppl. í s. 895 6594

### Verzlun

## ÚTSALA

30 - 80 afsl.

Korsett - svart og hvít  
 Tippur - stropur - vikkar  
 Stærðir: Small - með - lægri - st og stl.  
 Áttar 12.995.-  
 Nu aðaltes **3.995.-**

Korsett - hvít  
 Tippur - stropur - vikkar  
 Stærðir: Small - með - lægri - st og stl.  
 Áttar 12.995.-  
 Nu aðaltes **3.995.-**

Korsett - Ultra Sexy  
 Tippur - stropur - vikkar  
 Stærðir: Small - með - lægri - st og stl.  
 Áttar 12.995.-  
 Nu aðaltes **3.995.-**

Ég hléttá. Með fögrum índulitum.  
 Áttar 3.995.-  
 Nu aðaltes **495.-**

Hvít  
 Með fögrum índulitum.  
 Áttar 3.995.-  
 Nu aðaltes **1.995.-**

**Rómantik.is**  
 Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500 (Horninu á Frakkastíg)  
 Opíð virka daga 12-20 Laugardaga 12-17

### ÞJÓNUSTA

#### Hreingerningar

**Hreingerningar ehf.**  
 Hreingerningar • Gluggþvottur  
 Hreingerningar • Teppahreinsun  
 Flutningsþjónusta • Gólfborun  
 Sími: 868 5599  
 www.hreingerningar.is

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþjón. Svæði ehf. S. 848 7367.

### Ræstingar

Tek að mér heimilisþjón er heiðuleg og hef reynslu. Fljótvirki og vandvirki heitið. Uppl. Unnur í s. 692 0821.

### Garðyrkja

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsamíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

### Smágröfuleiga

#### Drenlagir Hellulagir

Tökum að okkur allhliða lóðavinnu.  
 Upplýsingar í síma **824 7565 Boggí** **696 6676 Bjóssi.**

### Umhverfisþryði ehf

Þitt umhverfi - Þín þryði

**25 ára reynsla**

- Hellulagir
- Veggheðslur
- Sólpallar
- Túnþökulagir
- Jarðvegsvinna

**520 1220**  
 þryði@umhverfisþryði.is  
 www.umhverfisþryði.is

### Sælugarðar ehf.

allt fyrir garðinn

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagir
- Hellulagir
- Sólpallar

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.  
 Kári sími: 824-1238

### VINNUVÉLAR TIL SÖLU

# KOMATSU

Höfum til sölu  
**KOMATSU PC16-HS**  
 og **PC18-HS**

**Frábært verð!**

**KRAFTVÉLAR**

Kraftvélar ehf. /// Dalveg 6-8 /// 201 Kópavogi  
 Sími 535 3500 /// Fax 535 3501 /// www.kraftvelar.is

### Túnþökusala Oddsteins

Túnþökur og túnþökurúllur til sölu í garðinn eða sumarþústaðinn!  
**Steini, s:663 6666**

### Garðþjónusta H.G.

Felli tré, klippingar, kantskurður, sláttur, mold og sandur. Öll helstu garðverk. S.699 8509.

Tökum að okkur garðslátt og garðvinnu. Fáðu tilboð í síma 821 6129.

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Getum bætt við okkur verkefnum í hellulögnum, tyrfingum og drenlögnum. Föst verðtilboð. Uppl. í s. 869 8704.

Tek að mér garðslátt í sumar. Verð frá 5000 kr skiptið. Fáðu tilboð: S. 847 5883.

### Málarar

**Pakmalun!**  
 Húseigendur - Húsfélög

Þarf að fara að huga að viðhaldi á þekinu?  
 Við sérhafum okkur í þakviðgerðum og þakmalun og höfum mikla reynslu og þekkingu á því sviði. Höfum einnig löggildan málarameistara í okkur röðum. Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.

**ISLANDSMÁLUN EHF.**  
 Upplýsingar í síma: 899 2008, Grétar og 891 6999 Einar.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

### Búslóðarflutningar

Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

### Húsviðhald

#### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Pípulagir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

### HÚSAVIÐHALD

Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl.

Vönduð vinna.  
 HG viðhaldsþjónusta  
 Nánari upplýsingar í síma 695 4661 & 892 2752.

### Hreinsum gráma af sólpöllum!

Sólpalla eigendur, ódyr lausn til að djúphreinsa veðraða sólpalla og gera þá eins og nýja.  
 Anton í síma 866 5262.

### Stíflupjónusta

#### Stífluloosun Rörmyndun

Loosa stíflur af salernum, vaskum, baðstovum og niðurlöngum. Rörmyndun og stíflulöngun. Stíflulöngun og stíflulöngun. Stíflulöngun og stíflulöngun. Stíflulöngun og stíflulöngun.

**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**  
 S. 892 7260 & 567 0530.

### Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**  
 Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkarður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

### Nudd

Massage. Tel. 862 0283.

# Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar  
 www.helpus

## Spádómar

www.ortagalinn.is



**Örtaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Bella.is



Símaspá, Tarot, Draumar, Félög, Fyrirbær. Kl. 17-23 virka daga 5 67 07 57

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**

**Einkatímar. Erla s. 587 4517.**

**Dulspékisíminn 908 6414 & 553 5395**

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

**Spákona**

Spái í 3 teg. spila, ræð drauma og fl. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

## Önnur þjónusta

**Myndbandstökur**

brúðkaup - afmæli - íþróttir fundir - kynningar - o.fl.

yfir 20 ára reynsla

JENNAFILM

Jena K. Þorsteinsson s. 896 3785

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

**Fljót og góð þjónusta**

Sími 893 1733

**Jón Jónsson**

Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fráan prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

## Snyrting

Viltu styrkja þig, þyngjast eða léttast. Þú getur það með Herbalife. Sendi hvert á land sem er. Eva s. 892 6728 www.eva.topdiet.is

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu nýlegur tungu sófi, nýtt IKEA borðstofuborð og stólar, sjónvarpsskápur (horn), sjónvarpsskenkur, sófaborð, ísskápur og þurrkari., SELST ÖDYRT..

Drapplitaður tungu hornsófi til sölu. Verðh. 25 þ. Uppl. í s. 661 8737.

Til sölu 6-8 manna tekk borðstofuborð með stólum og ísskápur. S. 821 4073.

## Heimilistæki

Fallegur Candi ísskápur, rúml. árgamall. 190 cm há, tvískiptur, til sölu. V. 80þ. Kostar nýr 140þ. Króm og grár, kámfír. Er enn með plastið á sér. Uppl. í s. 693 9819.

## Dýrahald



Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Tilb. til afh. Verð 120 þ. Sjá www.skapa-lon.is/hvolpar eða í s. 868 6352.

Enskar cocker spaniel tíkur til sölu, tilbúnar til afhendingar með ættb. frá HRFI. Uppl. í síma 694 9980.

## Ýmislegt



Rafmagnsnuddpottur m/2 dælum. 41 nuddstútur, útvarp, fjarstýring, tengi f/c cd spilara, lok, tröppur. Einn með öllu. Kr 395,000. S. 848 1488.

Leita eftir SAUMA GÍNU gefins eða keypta S:6956248

Til sölu þvottavél, þurrkari og 28" Thomson sjónvarp, selst á 50 þús. allt saman. Uppl. í s.849 8625.

## TÓMSTUNDIR &amp; FERÐIR

## Ferðapjónusta

## Hring &amp; eða Hálendisferðir

Get tekið að mér ferðir í júlí og ágúst, sem leiðsögum., öku.m. eða bílstj. Uppl. á betriferdur@yahoo.com

## Gisting

## Orlofshús á Akureyri

Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgr.is

## Orlofsíbúð á Akureyri

13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigusali auglýstu frítt**

**Leigjandi leitaðu frítt**

Leiga.is býður  
✓ Leiguráðgjöf  
✓ Mat á leigjendum  
✓ Gerð leigusamninga og trygginga

**Leiga.is**  
Löggiltur leigumáttun

Falleg 100 fm. 3ja herb. íbúð. í hverfi 112 í Rvík. Leiga 150 þ. pr. mán, hússj. rafm. og hiti innif. Uppl. í s. 820 3733.

Til leigu 2-3 herb. íbúð í Lundabrekku 2 í Kópavogi. Verð 110 þ./mán. Opið hús á morgun mið 18.júlí milli kl. 18-20. S. 820 7534.

Góð 3ja herb. íbúð til leigu í 111 rvk, 74 fm. Leiga 130 þús./mán. Innifalinn hiti og hússj. Leigt með húsgögnum. Bankaábyrgð og meðmæli óskast. Laus frá 15.ág. S. 587 7335.

3 herb. íbúð í Vesturbæ til leigu, næst 107 góður staður. Tilboð sendist FBL merkt „107“

## Húsnæði óskast

Reglusamar systur óska eftir 2 svefnherb. íbúð til leigu. Nánari uppl. í síma 866 0140.

Stúdíó/2 herb. íbúð óskast í RVK. V. 60-75þús. Fyrirframgreiðsla. S.8476800.

Óska eftir 3 herb. íbúð til leigu á höfuðborgarsv. Helst strax. Öruggar greiðslur. Fyrirfram gr. ef óskað er. Uppl. í s. 899 2420.

## Árbæjarbakari

Herb. með aðgang að WC óskast fyrir starfsmann. Skilvisar greiðslur. Uppl. í s. 869 0414.

## Gisting

## Stúdíóíbúð í Reykjavík

Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 861 2319.



Lindarbrekka í Berufirði við Djúpvog. Höfum íbúðarhús til leigu í sólarhring eða í skemmri eða lengri tíma fyrir allt að átta manns. Sængur og koddar á staðnum. Uppl. 478 8973, 892 8973 & 895 8973.

## Sumarbústaðir



Klettsflöt 2 í Húsafelli. Svefnherbergi m/ svefnádstöðu fyrir 3 auk rislofts, stofa, eldhúskr. og baðherbergi. Rafmagn/Heitt og kalt vatn. Fin timburverönd með skjólgirðingu og heitum potti. Uppl. gefur Októ s. 897 9227.

## Geymsluhúsnæði

**Vinnuskúrar**



Til sölu og leigu nýir og notaðir vinnuskúrar.

**HAFNARBAKKI**

Sakurhlutlaus hlífing  
Sími 555 2733 www.hafnarbakki.is

Til leigu sér geymslubú 7, 10 og 17 m<sup>2</sup>. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Auglýsingasími

**512 5050**



- Mest lesið

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hliðarsmára**  
Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára.  
Upplýsingar í síma 822 8840, 822 8870 og einnig inn á www.nings.is

## Hlutastarf í sérvörverslun

Starfsmaður óskast í hlutastarf í verslun. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 23 ára.  
Upplýsingar í s. 846 5848.

## Bettis Kópavogi &amp; Garðabæ

Starfsfólk óskast á dagvaktir. Einnig óskast starfsfólk á kvöldin og um helgar. Ekki yngri en 18 ára.  
Uppl. í s. 899 8212.

## „Saumagallery“

Hugmyndaríkur og sjálfstæður einstaklingur óskast til starfa á nýtt saumagallerí á höfuðborgarsvæðinu. Kunnátta og reynsla af saumaskap, fatabreytingum og sniðagerð æskileg. Áhugasamir sendi umsóknir á smaar@frett.is merkt „Saumagallerí“

Potrzebujemy Zdolnej i pomysłowej krawcowej do nowej firmy, saumagalleri Zdoswiadzeniem np podkadowie i skracanie ubran Zainteresowanych prosimy owysykaivie podan do smaar@frett.is podpisane., saumagalleri., Do pokudnia nr tel 8666087 karl —Po pokudniu 8975959 Laufey.

## Starfskraftur óskast

Háseta vantar á dragnótabát. Upplýsingar í síma 662 4948.

## TIL SÖLU

**GRANÍT HÚSIÐ**  
www.granithusid.is

S: 544 5100

**Granítborðplötur**

granítflísar  
handlaugar

Helluhraun 2 - Hafnarfjörður

**Hringdu í síma**

**512 50 50 60**

**ef blaðið berst ekki**



**Sportbarinn Ölver**

Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Lágmarksaldr 20 ára. Uppl. í s. 533 6220.

**Sportbarinn Ölver**

Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur. Uppl. í s. 533 6220.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neighbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

**Barinn**

Fólk óskast í eldhús á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

Aktu Taktu getur bætt við sig starfsfólki. Aðeins stundvíst og áreiðanlegt fólk kemur til greina. Fullt starf og hlustastörf í boði. Umsóknir á aktutaktu.is

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Umsóknareyðublað á staðnum.

**Smiðir**

Smiðsaff ehf. óskar eftir smiðum og byggingarverkamönnum. Fyrirsurnir sendist á smidsaff@hive.is eða í s. 693 8773.

**Söluturn**

Söluturnarnir Vikivaki Laugavegi og Barónsstíg óska e. að ráða fólk á kvöldvaktir og helgar. Uppl. veitir Högni í s. 896 1933.

Smiðir óskast til starfa sem first, fjölbreytt verkfæni. Veggir Ehf. S. 865 5795.

**Atvinna óskast**

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins. Erum einungis með taglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000.- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

**FAGRÁÐNING**

Sími 534 8886 - Fax 534 8887  
Stangarbytur 7 - 110 Reykjavík

**Smiðir og járnbindingamenn**

Óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmanna-þjónusta s. 661 7000.

**Viðskiptatækifæri**

**Bolaprent-atvinnutækif**  
Af sérstökum ástæðum eru til sölu fullkomin tæki til silkiprentunar á allan fatnað. Miklir möguleikar, lager fylgir. Uppl. í s. 847 7113 & 487 6563.

**TILKYNNINGAR**

**Tapað - Fundið**

Keli er týndur, hann er grá og hvítur dísar fugl. Hann týndist í Breiðholti (fellunum), hans er sárt saknað. Uppl. í s. 567 1690 & 662 6294.

Lylkar týndust aðfaranótt sunnudags í Vesturbæ Rvk. Þeir sem hafa e-h uppl. vinsamlega hafi samb. í síma 821 5250.

**Tilkynningar**

Tek að mér flisalagnir og málningavinnu. Vönduð vinnubrögð, geri fast verðtilboð. S 869 2511.

**Einkamál**

**18plús.is.**  
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

**Celebrity.is**  
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

**Matseld.is**  
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

**Umsjónaraðili markaðs- og sölumála**



4th Floor Hotel sem staðsett er í hjarta Reykjavíkur óskar eftir að ráða starfsmann í markaðs- og sölumál.

**Starfið felur í sér;**

- Samskipti / samningar við ferðaskrifstofur
- Samskipti / samningar við fyrirtæki
- Umsjón með bókunum
- Tekjustýring
- Uppfærsla heimasíðu
- Auglýsingarmál
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur;**

- Lágmark 2 ára starfsreynsla í ferðaþjónustu
- Háskólanám á sviði ferðamála æskilegt
- Yfirgripsmikil tölvuþekking
- Góð tungumála kunnátta, sjálfstæð vinnubrögð, fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknnum skal skilað á rafrænu formi fyrir 20/07 á póstfangið diddi@4thfloor.is



**Starfsfólk óskast**

Ferskar Kjötvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborð okkar í Hagkaup Garðabæ

Um er að ræða fullt starf. Nánari upplýsingar veitir Ragnar í s: 6606300 eða Rúnar s: 6994000



**Hrísmóar 5**

210 Garðabær  
Íbúð á besta stað í Garðabæ

Stærð: 79,2 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1986  
Brunabótamat: 11.700.000  
Bílskúr: Nei



Opíð Hús

Í dag þriðjudag kl: 20 til 20:45 Verð: 22.900.000

Falleg íbúð á annari hæð við Hrísmóa 5, Garðabæ. Glæsileg þriggja herbergja íbúð á annari hæð með góðum svölum sem liggja í suðvestur. Björt íbúð og góð staðsetning í Garðabæ. Þetta er eign sem er á vinsælum stað í Garðabæ. Þessi íbúð var öll endurnýjuð fyrir stuttu á mjög smekklegan máta. Nánari lýsing. Forstofa/hol, Eldhús, stofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Björn tekur á móti ykkur í dag og sýnir þessa glæsilegu eign.

Björn S Ingólfsson  
Sölufulltrúi  
860 0299  
bjorn@remax.is



Rúnar S. Gíslason  
Lögg. fasteignasali  
517 3629  
runar@remax.is



RE/MAX Stjarnan - Bæjarhraun 6 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 5173629 - www.remax.is



Bóas  
Sölufulltrúi  
699 6165



Gunnar  
Sölufulltrúi  
899 0800



**OPÍÐ HÚS**

Burknaveilir 8, 221 Hafnarfirði - 5 herb.

**Opíð hús í dag þriðjudag milli kl 17 - 18**

**Stórglæsilegt 180fm parhús**

- Stór bílskúr, 120fm sólpallur
- 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi
- Vandað hús í alla staði
- Verð: 48.500.000

**BÓAS 699 6165 & GUNNAR 899 0800 SÝNA EIGNINA**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

Stefán Páll  
Löggiltur  
fasteignasali



**Atvinna óskast**

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

Samkenndin er ótrúlega sterk enda mjög margir sem eiga von á sér.

GOTTFRÖU

HANN ER SETTUR  
**11. ÁGÚST**

VERÐ FRÁ  
**2.368 KR.**

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

**SYN2**  
enski boltinn



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**  
8.764 +0,06%

Fjöldi viðskipta: 349  
Velta: 12.945 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

- ▲ ATLANTIC PETR. +2,83%
- ▲ ALFESCA +0,68%
- ▲ EIMSKIPAFÉLAGIÐ +0,51%

**MESTA LÆKKUN**

- ▼ NÝHERJI -1,52%
- ▼ EIK BANKI -1,39%
- ▼ FØROYA BANKI -1,28%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 86,20 +0,00% ... Atorka 9,13 +0,44% ... Bakkavör 71,20 -0,42% ... Eimskipafélagið 39,70 +0,51% ... Exista 39,30 -0,51% ... FL Group 29,95 +0,50% ... Glitnir 29,40 +0,00% ... Icelandair 30,75 -0,97% ... Kaupþing 1.237 +0,16% ... Landsbankinn 40,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,65 +0,22% ... Össur 106,50 +0,00% ... Teymi 5,72 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

# Reynslan er aðalatriðið

Reynsla af stjórnun og eignarhald skipta meira máli en menntun þegar kemur að vali í stjórnir fyrirtækja. Þetta sýnir ný samantekt Samtaka atvinnulífsins á upplýsingum um bakgrunn stjórnarmanna í fimmtán stórum fyrirtækjum á íslenska hlutabréfmarkaðnum.

Samantektin sýnir að yfir 95 prósent stjórnarmanna þeirra fyrirtækja sem skoðuð voru hafa reynslu af stjórnarsetu. Þeir hafa því setið í stjórn annarra fyrirtækja áður eða búa yfir reynslu af rekstri fyrirtækja. Rúmlega tveir þriðju hlutar stjórnarmanna sitja jafnframt í stjórn fleiri en eins fyrirtækis. 65 prósent stjórnarmanna eru sjálfir hluthafar í fyrirtækjunum eða sitja í stjórn fyrir hönd ákveðinna eigenda.

Formleg menntun virðist ekki ráða eins miklu þegar kemur að vali í stjórnir. Tæplega þriðjungur stjórnarmannanna hefur



**NEMENDUR** Menntun hefur lítið að segja um stjórnarsetu samkvæmt nýrri athugun Samtaka atvinnulífsins.

ekki menntun sem tengist starfsemi fyrirtækjanna. Af 85 stjórnarmönnum hafa 28 lokið þriggja ára háskólanámi eða sambærilegri menntun en 32 hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi.

**MARKAÐSPUNKTAR...**

Hrein eign lífeyrissjóðanna var 1.596,7 milljarðar króna í lok maímánaðar og jókst um 1,6 prósent í mánuðinum eða um 24,9 milljarða króna. Undanfarna tólf mánuði hafa eignir lífeyrissjóða aukist um 18,7 prósent.

Verð á Brent-hráolíu fór upp fyrir 80 Bandaríkjadali í gærmorgun en hafði áður risið hæst í 78,64 dali í ágúst í fyrra. Frá áramótum hefur verð á Brent-hráolíu hækkað um 33 prósent.

Vaxandi áttök í Miðaustralíu, ótti við skert framboð á olíu, kjarnorkudeila Írans við Bandaríkin og ótti við að framboð á olíu frá Nígíeríu skerðist vegna átaka þar stuðlar allt að hækkan hlutabréfa á morgunkorni Glitnis.

# Vísbendingar um aukna einkaneyslu

Einkaneysla virðist hafa aukist á vormánuðum þessa árs eftir stöðnun á fyrsta ársfjórðungi. Nýjar tölur um veltu debet- og kreditkorta í júní, sem Seðlabankinn birti nýverið, gefa vísbendingu um þetta.

Heildarkreditkortavelta landsmanna, leiðrétt fyrir breytingum í verðlagi og gengi, jókst um riflega sjö prósent að meðaltali á öðrum ársfjórðungi samanborið við sama ársfjórðung í fyrra. Innlend kreditkortavelta jókst um 5,2 prósent á fjórðungnum og debetkortavelta í innlendum verslunum jókst um 0,9 prósent en hafði dregist saman um 5,6 prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Í Morgunkorni Glitnis segir að kreditkortavelta, ásamt debetkortaveltu í innlendum verslun-



**Í VERSLUNARLEIÐANGRI** Nýjar tölur um veltu debet- og kreditkorta í júní gefa vísbendingar um aukna einkaneyslu.

um, sé allgóður mælikvarði á þróun einkaneyslu hérlandis. Þá séu einnig aðrar vísbendingar um að einkaneysla hafi aukist. Svo sem hraðar launahækkanir að undanförunu, lítið atvinnuleysi, mikil dagvöruvelta, nýskráningar bifreiða og innflutningur á almennum neysluvörum.

# Yfirtöku á Actavis að ljúka

Novator hefur náð 90 prósentu markinu þannig að söluskylda myndast hjá rest.

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur tryggt sér vilyrði fyrir yfir 90 prósentum hlutafjár í Actavis, að teknu tilliti til eigin hluta og hluta í eigu Novators, að því er fram kemur í tilkynningu félagsins. Með þessu lýkur yfirtökufélagi Novators þar sem við 90 prósentu markið verður til söluskylda hjá eftirstandandi hluthöfum. Yfirtökutilboð Actavis hljóðaði upp á 1,075 evrur á hlut.

„Samkvæmt yfirtökutilboði Novator rennur tilboðsfrestur út miðvikudaginn 18. júlí næstkomandi. Þeir hluthafar sem hafa ekki samþykkt tilboðið hafa frest fram til þess tíma til að ganga frá samþykki á grundvelli tilboðsins, að öðrum kosti öðlast þeir ekki rétt til viðbótargreiðslu ef Novator selur hlut sinn innan 12 mánaða,“ segir í tilkynningu félagsins.



**Á AÐALFUNDI ACTAVIS** Róbert Wessman forstjóri, Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður og Sindri Sindrason stjórnarmaður í Actavis.

Björgólfur Thor Björgólfsson er að vonum feginn að nú sjái fyrir endann á yfirtökuférlinu á Actavis. „Gott er að vera búinn með þetta til að geta einbeitt sér að sókninni,“ segir hann og bætir við að hjá Actavis taki nú við keyrsla á þeirri viðskiptaáætlun sem byggð hafi verið upp undanfarin ár. „Ég vil hins

vegar nota tækifærið og þakka hluthöfum sem staðið hafa með okkur í þessari fjárfestingu,“ segir Björgólfur og bendir á að verðmæti Actavis hafi 28-faldast frá árinu 1999. „Þúsundir Íslendinga hafa mokgrætt á þessu. Þeim þakka ég fyrir samferðina, enda hefur verið gaman að taka þátt í þessu.“

# FRÍ LANDSLAGSRÁÐGJÖF



– allt til bygginga

hjá **MEST** dagana 18-19-20. júlí í Norðlingaholti.  
Hafðu samband og pantaðu tíma.

**MEST er sönn ánægja að bjóða þér að þiggja fría landslagsráðgjöf dagana 18-19-20. júlí á Norðlingabraut 12, Reykjavík frá kl. 9-18.**

Nýttu tækifærið og skapaðu draumagarðinn þinn.

Garðhönnuðurinn Stanislas Bohic tekur vel á móti þér og aðstoðar þig við hönnun garðsins þíns.

Mest hefur að bjóða úrval af hellum, einingum, pallaefnum, granítlísum og garðvörum á verði sem mun koma þér á óvart. Kynntu þér endilega úrvalið þegar þú hittir garðhönnuðinn eða á heimasíðu okkar [www.mest.is](http://www.mest.is).

Vinsamlegast skráðu þig í landslagsráðgjöfina í síma 4 400 400 eða sendu tölvupóst á [mest@mest.is](mailto:mest@mest.is).

**Sjáumst,** starfsfólk MEST

- Nauðsynleg gögn fyrir landslagsráðgjöf:
  - Grunnmynd í kvarðanum 1:100 frá byggingafulltrúa
  - Útlitsteikningar af húsinu í kvarðanum 1:100
  - Afstöðumynd í kvarðanum 1:500
  - Ljósmynd af húsi og lóð
- Í framhaldinu færð þú tilboð frá söluráðgjafa MEST.





Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,  
**Ingibjörg Richardsdóttir**  
Engjaseili 54, Reykjavík,

sem andaðist laugardaginn 14. júlí á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju föstudaginn 20. júlí kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kraft, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.

Kristinn Karl Dulaney  
Erla Kristinsdóttir Snorri Bjarnvin Jónsson  
Richard Kristinsson Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir  
Ingibjörg Kristinsdóttir Hans Welling  
Erla Þórðardóttir,  
Þórdís Richardsdóttir Per Otto Sylwan  
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir, bróðir, mágur, fyrrverandi eiginmaður og afi,  
**Jón Haukur Hermannsson**  
Dalseli 31, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans þann 13. júlí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 20. júlí kl. 15.00.

Sigurros Arna Hauksdóttir Þorsteinn Þorsteinsson  
Þórarinn Hauksson Margrét Valgerður Pálsdóttir  
Hulda Hauksdóttir Svava Hrafnkelsdóttir  
Ólína Fjóra Hermannsdóttir Pétur Torfason  
Diana Svava Hermannsdóttir Þorleifur Kristján Guðmundsson  
Guðrún Þórarína Þórarinsdóttir og barnabörn.



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar föstursystur minnar og frænku okkar,  
**Marfríðar Sigurðardóttir**  
Hátúni 10a, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk meltingarfæra- og nýrnadeildar 13E á Landspítalanum við Hringbraut fyrir þeirra góðu umönnun og hlýju.

Smári Karlsson  
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur faðir minn, sonur okkar, bróðir og mágur,  
**Óskar Sigurbjörn Pálsson**  
Hagaflöt 2, Garðabæ,

varð bráðkvaddur 8. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey, að ósk hins látna.

Sjöfn Óskarsdóttir  
Páll Ólafur Pálsson Sjöfn Óskarsdóttir  
Ragna Pálsdóttir Erwin Austin Erwin  
Sólveig Pálsdóttir Árni Jónsson  
og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Magnús Finnbogason**  
verslunarmaður, Gnoðarvogi 68,

andaðist föstudaginn 6. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Neskirkju, miðvikudaginn 18. júlí kl. 15.00.

Steinunn Stefania Magnúsdóttir Ísleifur Jónsson  
Jóhanna Finnborg Magnúsdóttir  
Haflíði Sigtryggur Magnússon Svanhildur Agnarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

DAVID HASSELHOFF FÆDDIST  
Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1952.

„Það er síðasta ósk margra deyjandi barna að fá að hitta mig.“

Leikarinn og söngvarinn David Hasselhoff er 55 ára í dag. Hann varð heimsfrægur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Baywatch.



ÞETTA GERÐIST: 17. JÚLÍ 1955

## Disneyland opnar í Kaliforníu

Hinn 17. júlí árið 1955 opnaði Walt Disney dyrnar á Disneyland í Anaheim í Kaliforníu og gerði þar með teiknimyndaveröld sína að skemmtigarði. Walt Disney hafði mikinn áhuga á ævintýraheimum og draumaveröld, en hann nánastr fyrirleit raunveruleikann. Hann sagði eitt sinn að hann vildi ekki að almenningur sæi hinn raunverulega heim sem þeir byggju í, heldur vildi hann að þeir upplifðu sig í annari veröld. Disneyland átti að láta það gerast.

Walt Disney var mikill frumkvöðull í teiknimynda- og kvikmyndagerð. Hann var fyrstur til að gera teiknimynd með tali, hann blandaði saman lifandi fólk og teiknimyndafígúrum, og fyrsta teiknimyndin í lit rann undan rifjum hans. Hann lagði sig allan fram við að gera fantasíuveröldina eins raunveru-



lega og hægt var og var Disneyland eðlilegt skref í þá átt. Hann vildi að fólk gæti labbað meðal þeirra karaktéra sem hann hafði skapað, snert þá, talað við þá og upplifað draumaveröld í raunveruleikanum.

Í dag er Disneyworld til í Flórída og Disneyland í París. Árlega heimsækja 14 milljónir manna Disneyland í Kaliforníu.

## tímamót

timamot@frettabladid.is

GRACE KELLY: 25 ÁR FRÁ DAUÐA PRINCESSUNNAR

## Árin með Grace Kelly

Tuttugu og fimm ár eru frá því Grace Kelly prinsessa af Mónakó lést vofveiflega í bílslysi. Í tilefni af þessum tímamótum var opnuð sýning í Grimaldi-safninu í Monte Carlo undir heitinu „The Grace Kelly Years,“ þar sem farið er yfir líf og starf kvikmyndastjörnnar, tiskugyðjunnar og prinsessunnar.

Grace Kelly er af mörgum talin ein fegursta kona heims. Hún fæddist þann 12. nóvember árið 1929 í Filadelfíu í Bandaríkjunum. Faðir hennar var vel þekktur milljónamæringur og pólitíkus en móðir hennar var fyrirsæta.

Grace byrjaði að leika strax á barnaldri og hóf síðan nám í American Academy for Dramatic Arts í New York að loknu skyldunámi. Hún vann fyrir sér sem fyrirsæta og með leik í sjónvarpsauglýsingum þar til hún fékk loks hlutverk á Broadway. Tveimur árum síðar fékk hún fyrsta Hollywood-hlutverk sitt í kvikmyndinni Fourteen Hours. Árið 1954 lék Grace á móti Bing Crosby



MÓÐIR Grace Kelly ásamt fjölskyldu sinni, Rainier prins og börnunum Albert, Karólínu og Stefaníu. NORDICPHOTOS/AFP



SONURINN Albert fursti af Mónakó við mynd af móður sinni. Sýning um líf og störf Grace Kelly var opnuð í Grimaldi safninu í Monte Carlo nýlega. NORDICPHOTOS/GETTY

í The Country Girl en fyrir það hlutverk fékk hún Óskarsverðlaunin. Grace Kelly var í miklu eftirlæti hjá Hitchcock og það var einmitt þegar hún lék í myndinni To Catch a Thief á frönsku Rivierunni sem hún kynntist eiginmanninum tilvonandi, Rainier prins af Mónakó. Þau voru gefin saman árið 1956 í glæsilegri athöfn sem minnti helst á ævintýrabrúðkaup.

Grace hætti kvikmyndaleik eftir að hún varð prinsessa að ósk mannsins síns. Hún eignaðist þrjú börn með furstanum, þau Albert, Karólínu og Stefaníu, sem síðar hafa komist í kastljósið, meðal annars fyrir villtan lífsstíl.

Grace Kelly var aðeins 52 ára þegar hún lést í bílslysi. Karólína dóttir hennar var með í bílnum en sakaði ekki.

Sýningin um ævi Grace Kelly stendur til 23. september og byggist upp á fimmtán sýningarsölum. Þar má helst nefna Filadelfíu-herbergið þar sem rifjuð er upp æska Grace, Hollywood-herbergi, Hitchcock-herbergi og heilt herbergi tileinkað fyrstu kynnum Rainiers og Grace. Að sjálfsögðu er eitt herbergi lagt undir brúðkaupið en auk þess verða til sýnis fallegir kjólar sem Grace Kelly klæddist við hin ýmsu tækifæri í prinsessuherberginu.

solveig@frettabladid.is

### AFMÆLI



Donald Sutherland leikari er 73 ára.



Camilla Parker Bowles er sextug.



Ögmundur Jónsson alþingismaður er 59 ára.



Ármann Kr. Ólafsson forseti bæjarstjórnar Kópavogs er 41 árs.



+

**Vigdís J. R. Hansen**  
Hraunbæ 172, Rvk,

lést á líknardeild Landspítalans Landakoti að morgni laugardagsins 14. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 20. júlí kl. 11.00.

Aðstandendur og vinir.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson Hermann Jónsson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is  
Vaktími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt  
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur  
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmöla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

60 ára afmæli

**Lilja Hjelm (Digga)**  
verður sextug 26. júlí næstkomandi. Hún ætlar að halda upp á það laugardaginn 21. júlí í félagsheimili hestamanna á Selfossi klukkan 18.00 og vill hún bjóða öllum vinum og vandamönnum að koma og þiggja þar veitingar.

Reiknum dæmið rétt!  
**2 + 2 = 0\***

\*Eftir að Reykjanesbraut varð 2+2 að hluta hafa 0 manns látist í umferðinni.

Við styðjum grasrótarsamtökin Samstöðu:



**SJÓVÁ**



**SAMSTÆÐA**  
SLYSALAUS SÝN



# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarvirkni á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.



## STUÐ MILLI STRÍÐA: Má ég biðja um smá rigningu

FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER ORÐINN ÞREYTTUR Á SÓLINNI



Klukkan er rétt að verða sex og sængurfötin eru því af svita. Hitinn er óbærilegur og ljós skín svo skært í augun að eitt augnablik blindastu. Hafi maður verið heppinn náði maður kannski 5 tíma samfelldum svefni, annars minna næturnar helst á svipaðar svefnvenjur í óloftkældri íbúð á Benidorm. Týnda eða jafnvel tuttugusta daginn í röð er blíðviðri; sól, logn og hiti. Góðviðrisbytturarnar eru hættar að fylla ölstofurnar eftir vikusetu enda er ekki lengur jafn spennandi að nýta sólina sem afsökun fyrir bjór-maríneringu. Nú er bara snúið aftur til vinnu og vonast eftir að

einhvern tímann taki þetta enda. Íslenskt lundarfar er jafn dyntótt og stormasamt og samlensk veðr-átta. Geð okkar er samofió öfgum veðurfarsins og það er okkar taktur – tónlistin sem við þekkjum. Nú er svo komið að veðurguðirnir hafa ekki skipt skapi svo vikum skiptir. Enda lítur allt út fyrir að Íslendingar séu endanalega að fara yfir um á jafnlyndi veðurguðanna. Vandræðaleg þögn ríkir í matarboðum enda ekki lengur hægt að tala um nýjustu tíðindi úr heimi veðurfraeðanna – enda ekkert að gerast. Ekki er hægt að býsnast út í kuldakast úr óvæntri átt, rokið og rigninguna eða annan fjára. Þetta er svipað og dýrindismáttíð væri borin á borð fyrir okkur hvern

einasta dag, fljótt yrðum við leið og þráðum ekkert heitar 1944 eða Roastbeef-sóma. Raudhærðir eiga alla mína samúð. Varla sést í andlitsdrætti fyrir freknum og skaðbrenndur raudhærði stofninn mænir út um glugga og getur rétt verið utan-dyra á kvöldin – en þá með vörn númer 40. Jafnvel skærbleikur Snæfellsjökull er hættur að hreyfa við manni. Einhvern tímann hefði maður keyrt í Öskjuhljóðina og fylgst með sólinni setjast bak við fjallið en nú er myndin gömul tugga – eins og að horfa á sama gamla póstkortíð kvöld eftir kvöld. Líkt og einhver hafi dæmt mann til eilífðardvalar í minjagripadeild Geysis.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





STUÐKOMIÐ Tuttugu ár eru liðin síðan tólf tommar Skýjum ofar kom út með Stuðkomiðinu.

# Aldrei óblásinn á sviðið

Hljómsveitin Stuðkomið hefur gefið út plötuna 2X Tólf sem er samsett úr tveimur tólf tommu vínplötum sveitarinnar sem komu út 1987 og 1988, auk jólalagsins sígilda Jólástund.

Stuðkomið steig fram í sviðsljósið eftir að hafa unnið Músiktilraunir árið 1987.

Sveitin naut töluverðra vinsælda og voru lög á borð við Tunglskinsdansinn, Þegar allt er



orðið hljótt og Framadraumar mikið spiluð í útvarpinu. „Ég fæ símtal um daginn þar sem Sena spyr hvort ég geti gert plötukover fyrir þá,“ segir söngvarinn Karl Örvarsson, sem starfar sem grafískur hönnuður. „Það væri fyrir gamla hljómveit sem heitir Stuðkomið,“ segir hann og hlær. Karl hófst vitaskuld þegar handa við gerð umslagsins. Skartar það forlata hárbłasara sem hann segir táknrænan fyrir hljómveitina. „Hárbłasari var vel við hæfi. Ég held maður hafi aldrei farið óblásinn á svið. Þetta er eins konar stuðblásari.“

**Fágun í stað galsa**  
Platan er gefin út í tilefni þess að tuttugu ár eru liðin frá útkomu fyrstu tólf tommu Stuðkomiðsins, Skýjum ofar. „Það hefði hent að mér miklu betur ef þetta hefði verið gert í fyrra þegar við vorum með „kombakk“, þar sem við miðum við stofnun sveitarinnar. Við höldum það heima á Akureyri. Bandið var alveg

**KARL ÖRVARSSON**  
Karl hefur starfað sem grafískur hönnuður undanfarnin ár.

frábært og menn orðnir kannski flinkari hljóðfæraleikarar. Það má kannski segja að um leið og ákveðinn galsi og neisti fór var ákveðin fágun komin í staðinn. Svona tuttugu ár síðar held ég samt að við höfum náð að koma galsanum nokkuð vel til skila,“ segir Karl.

**Óvæginn gagnrýni**  
Hann viðurkennir að skiptar skoðanir hafi verið um Stuðkomið á sínum tíma. „Ég taldi mig hafa fengið ansi óvægna gagnrýni í gamla daga. Mig minnir að það hafi verið Dr. Gunnir sem skrifaði að hljómveitin væri fullkomlega ömurleg og söngvarinn léti tilfinningarnar hlaupa með sig í gönur. Núna tuttugu árum seinna get ég skilið þetta en ég held að flestum þyki samt vænt um þennan tón.“

**Óvist með „kombakk“**  
Karl segir ekkert ákveðið með annað „kombakk“ Stuðkomiðsins, enda er bróðir hans Atli búsettur í Los Angeles þar sem hann semur kvikmyndatónlist. „Ef Atli myndi óvænt birtast á landinu myndum við örugglega hittast og taka lagið. Þjóðin á skilið að heyrja í Stuðkomiðinu einu sinni enn.“

freyr@frettabladid.is

# Með stolið málverk

Eigandi bandarísk listagallerí hefur höfðað mál gegn leikstjóranum Steven Spielberg vegna málverks sem hann keypti fyrir átján árum. Spielberg keypti verkið í góðri trú um að allt væri með felldu en komst að því fyrr á árinu að það væri á lista bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, yfir eftirlýstustu málverk landsins.

Málverkið nefnist Rússneska skólastofan og er eftir Bandaríkjamanninn Norman Rockwell. Hefur Spielberg safnað verum eftir hann í gegnum árin en mun væntanlega hugsa sig tvisvar um næst þegar hann kaupir verk eftir hann. Rússnesku skólastofunni var stolið úr galleríi í Missouri fyrir 34 árum. Er verkið metið á um 42 milljónir króna. Auk þess að höfða mál gegn Spielberg hefur eigandi gallerísin höfðað mál gegn FBI og kveðst hann vera lögmætur eigandi verksins. Telur hann að FBI hafi leyft Spielberg að eiga verkið þrátt fyrir að stofnunin vissi að það væri stolið.



STEVEN SPIELBERG Bandaríski leikstjórinn keypti stolið málverk fyrir átján árum.

**MR. SKALLAGRIMSSON**  
Fyrirspá 4 tölur  
Benedikt Erlingsson

**Sýningar í ágúst**  
Lau. 11. ágúst kl. 20 Mr. Skallagrímsson Uppsett  
Sun. 12. ágúst kl. 15 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Sun. 12. ágúst kl. 20 Mr. Skallagrímsson Uppsett  
Lau. 18. ágúst kl. 20 Mr. Skallagrímsson Uppsett  
Sun. 19. ágúst kl. 15 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Sun. 19. ágúst kl. 20 Mr. Skallagrímsson Örfá sæti laust!  
Fim. 30. ágúst kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Fös. 31. ágúst kl. 20 Mr. Skallagrímsson Uppsett

**Sýningar í september**  
Lau. 8. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Sun. 9. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Fös. 14. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Lau. 15. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Lau. 22. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Sun. 23. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Fös. 28. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti  
Lau. 29. september kl. 20 Mr. Skallagrímsson Laus sæti

**MR. SKALLAGRIMSSON**  
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson  
Hljómsveitin Ólafur Arnalds  
www.Laughingman.is 977-1400

*Veislusetrið*

**Grillveislur**  
Steikarhlaðborð  
Aðeins það besta

*Veislupjónusta*  
*Veislusalur*

Borgartúni 6  
S. 699-1653 • 517-0102

Auglýsingasími  
**512 50 50**  
- Mest lesið

# Bræðurnir í poppgír

We Are The Night er sjötta plata Chemical Brothers, en hljómveitin hefur þegar sýnt meira úthald heldur en flestar danstónlistarsveitirnar sem komu fram á tíunda áratugnum. Eitt af því sem efnafraeðibræðurnir Tom Rowlands og Ed Simons kunna er að velja sér samstarfsmenn til að auka fjölbreytnina á plötunum þeirra. Þeir hafa áður gert góða hluti með gestum eins og Bobby Gillespie, Bernard Sumner, Noel Gallagher, Q-Tip og Beth Orton, en á We Are The Night eru gestainnkomurnar sérstaklega vel heppnaðar. Kanadíska beat-skáldið Bill Bissett les texta frá 1967 yfir titillagið, Willy Mason syngur í laginu Battle Scars, Ali Love í hinu bráðskemmtilega Do It Again, Jamie úr Klaxons syngur í All Rights Reversed og Tim Smith úr eðalsveitinni Midlake syngur í hinu frábæra popplagi The Pills Won't Help You Now sem lokar plötunni. Þá er ótalið framlag rapparans Fatlip úr LA-sveitinni The Pharcyde, en hann rappar í laginu The Salmon Dance en í því lagi fáum við að heyrja söguna af hinum eituhressa og dansglæða laxi Samma. Lag sem kemur mér og tveggja ára syni mínum báðum í mikið stuð.

We Are The Night er léttasta og poppaðasta plata The Chemical Brothers til þessa. Þeir sem voru að vonast eftir nýrri Exit Planet Dust verða kannski fyrir



**TÓNLIST**  
**We Are The Night**  
The Chemical Brothers

★★★★

We Ae The Night er léttasta og poppaðasta plata Chemical Brothers til þessa, full af hressum danssmellum og sannfærandi poppi.

vonbrigðum. We Are The Night er sumarplata. Á henni eru bæði lauffléttir hip-hop skotnir danssmellir og nokkur af bestu indípopplögum sveitarinnar til þessa.

Á heildina litið fin þetta sem virkar vel í sólinni. Hún jafnast ekki á meistaraverkin Exit Planet Dust eða Dig Your Own Hole en hún sýnir að bræðurnir kunna enn að búa til plötur.

Trausti Júlíusson

**Tjaldauúrvalið er í Tjaldalandi - við Glæsibæ**

**TNF Tadpole**  
2 manna göngutjald  
Þyngd: 2,13 kg

Verð:  
**32.990 kr.**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**



## Sienna laus og liðug

Breska leikkonan Sienna Miller hefur sagt skilið við kærasta sinn, söngvarann James Burke. Að sögn náins vinar Burkes var það fjarlægðin á milli þeirra sem



**SIENNA** Er enn aftur laus og liðug en fastlega má gera ráð fyrir því að P. Diddy verði hennar næsti maður.

hafði úrslitaáhrif á þessa ákvörðunar-töku. „Hún er í London og hann í New York og það getur oft verið erfitt að tala bara saman í gegnum síma,“ sagði vinurinn. Að öllum líkindum hefur meint daður Sienna og rapparans P. Diddy einnig haft eitthvað með málið að gera en nýlega sagði eiginkona Diddy skilið við rapparann og bar fyrir sig óásættanlegan ágreining. Fyrir nokkru birtust myndir af þeim í heldur nánnum samræðum og fóru fljótlega á kreik þær sögusagnir um að þau væru að stinga saman nefjum.

**DATT Í JÖKULÁ**  
Unnur Birna þurfti að vaða yfir á þegar hún var við tókur á kynningarefni fyrir Icelandic Glacial. Vaskur maður tók að sér að bera drottninguna yfir en ekki vildi betur til en svo að hann datt aftur fyrir sig. Betur fór þó en á horfðist. „Ég blotnaði bara rétt upp að hnjám. Við erum búin að hlæja mikið að þessu.“

MYND/PÁLL STEFÁNSSON



## Unnur andlit íslensks vatns

**Fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmstöðir hefur tekið að sér að vera nokkurs konar andlit Icelandic Glacial, íslenska vatnsins sem Jón Ólafsson og fleiri athafnamenn standa á bak við.**

Unnur hefur gert samning við fyrirtækið til nokkurs tíma en í honum felast bæði myndatökur og ýmis ferðalög. Í síðustu viku fór Unnur Birna út á land ásamt fríðu föruneysi í þeim tilgangi að taka myndir í kynningarefni fyrir vatnið. „Við fórum fyrst að Brúarárfossi og eyddum þar heilum degi,“ segir Unnur. „Svo keyrðum við í átt að Kirkjubæjarklaustri, gistum þar í eina nótt og eyddum næsta degi við tókur hjá Jökulsárlóni.“

Ef fall reynist vera fararheill á Unnur góða tíma í vændum því eftir tókur við Sólheimajökul mátti litlu muna að hún félli í ískalda jökulá. „Það er ekki hægt að komast á fallegasta staðinn

nema vaða ána upp í mitti. Þrír vaskir menn voru klæddir upp í vöðlur og fengnir til þess að bera fólknið yfir. Ég reið á vaðið og fór fyrst en það vildi ekki betur til en svo að hann datt með mig þegar það var ekki nema eitt skref eftir í land,“ segir Unnur og hlær. „Hann var með mig á hestbaki og datt aftur fyrir sig. Sem betur fer náði hann að sleppa fótunum á mér þannig að ég blotnaði bara rétt upp að hnjám. Við erum búin að hlæja mikið að þessu.“

Unnur segir að samstarfið við Icelandic Glacial hafi verið lengi í burðarliðnum. „Það er rúmt ár síðan þeir höfðu samband við mig en svo tafðist þetta eins og gengur. Þeim hefur gengið vel að selja vatnið bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi og nú vilja þeir fá mig með sér út á ýmsar uppákomur til þess að kynna vöruna.“ Icelandic Glacial er nú selt víða í Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum. „Ímynd Íslands er mikið notuð til kynningar á vatninu enda er alls ekki sjálfsagt að geta drukkið úr ám og lækjum hvar sem maður kemur,“ segir Unnur. Hún fékk sjálf senda marga kassa af vatni-

inu. „Maður er búinn að ganga um með flösku sér í hönd síðastliðna mánuði. Þetta er virkilega gott vatn, bara eins og beint úr dýrmætri náttúru okkar Íslendinga.“

Auk þess að sinna fyrirsætustörfum hefur Unnur kennt dans í tengslum við Dansskóla Birnu Björnsdóttur í sumar og verið leiðsögumaður hjá Íshestum. Hún segist vera nýkomin í sumarfrí. „Annars hef ég verið mikið fyrir austan fjall þar sem föðurfjölskyldan á jörð rétt hjá Hvolsvelli. Mér finnst alveg jafngott að vera þar og keyra í bæinn ef ég þarf að vinna. Um daginn fór ég svo á Hróarskeldu. Það var vissulega blautt en ekkert sem aftraði okkur frá því að skemmta okkur vel.“

Eins og fram hefur komið í fjölmöldum á Unnur Birna von á systkini í lok október þar sem móðir hennar, Unnur Steinsson, er barnshafandi. „Mér list virkilega vel á það,“ segir Unnur og tilhlökkunin leynir sér ekki. „Þetta er orðin stór fjölskylda enda eiga mamma og Ásgeir sjö börn í allt þegar fjölskyldumeðlimurinn væntanlegi er meðtalinn. Þetta verður rosalega spennandi.“

sigrunosk@frettabladid.is

## Lindsay laus

Bandaríska ungstirnið Lindsay Lohan hefur lokið við sex vikna meðferð hjá meðferðarheimilinu Promises. Lindsay gekk út á föstudaginn og hyggst taka líf sitt föstum tókum ef marka má yfirlýsingu úr hennar herbúðum.



**LINSAY** Er laus úr meðferðinni og hyggst taka líf sitt fastari tókum.

„Hún verður að fylgja eftir mjög stífri dagskrá sem felst meðal annars í sér AA-fundi og strangt eftirlit,“ segir í yfirlýsingu frá talsmanni leikkonunnar.

Lohan mun jafnframt bera ökklaband sem mælir áfengi í líkama hennar en leikkonan bauðst til þess sjálfviljug. „Hún vill ekki að fjölmiðlar fari að kokka upp einhverjar fréttir ef hún sést á skemmtistað, bar eða öðrum stöðum þar sem borið er fram áfengi.“



**KIM LARSEN OG KJUKKEN** Danski tónlistarmaðurinn Kim Larsen kemur hingað til lands í nóvember ásamt hljómsveit sinni Kjukken.

## Hart barist um Larsen

Miðasala á tónleika Kim Larsen og hljómsveitarinnar Kjukken í Vodafonehöllinni 24. nóvember hefst í dag klukkan 10. Kim Larsen og félagar hafa verið á tónleikaferð um Danmörku að undanförunu sem verður fram haldið um Norðurlöndin í haust. Verða lokatónleikarnir í ferðinni á Íslandi. Nýjasta plata Larsens og Kjukken, Gammel hankat, kom út fyrir síðustu júl og fékk hún mjög góða dóma hjá gagnrýnendum.

Miðaverð á tónleikana hér á landi er 5.900 í sæti og 4.900 í stæði og fer miðasala m.a. fram á midi.is. Larsen hélt þrenna tónleika hérlandis fyrir tveimur árum sem vöktu mikla lukku og því verður væntanlega hart barist um miðana í þetta sinn.

# 3G Vertu með frá byrjun

NOVA er nýtt 3G félag sem mun bjóða nýja tegund farsíma- og netþjónustu síðar á þessu ári. 3G mun breyta með hvaða hætti fólk á í samskiptum, miðlar upplýsingum og afþreyingu.

Við leitum að kraftmiklu og hressu fólki sem vill takast á við áskorun í starfi. Starfið felur í sér að veita viðskiptavinum NOVA ráðgjöf í tengslum við hina nýju 3G þjónustu fyrirtækisins.

Vilt þú takast á við nýja og skemmtilega hluti að loknu sumarfríi og ganga til liðs við NOVA?

Við leggjum áherslu á gott og skemmtilegt starfsumhverfi hjá nýju og spennandi fyrirtæki.

### Verslanir

NOVA leitar að öflugum sölu- og þjónusturáðgjöfum í verslanir.

### Hæfniskröfur

Lífsgleði og jákvætt viðhorf.  
Góð tölvukunnátta.  
Stúdentspróf eða sambærileg menntun.

### Sölu- og þjónustuver

NOVA leitar að öflugum sölu- og þjónusturáðgjöfum í sölu- og þjónustuver.

### Vinnutími

Unnið er á vöktum.  
Í boði er fullt starf og hlutastarf.

Nýir starfsmenn munu fá yfirgripsmikla þjálfun áður en þeir hefja störf.

Áhugasamir sendi inn ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið nova@nova.is fyrir 1. ágúst nk. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir.

### Nánari upplýsingar á nova.is

NOVA · Sætúni 8 · 105 Reykjavík · Sími 517 6660 · nova.is

# NOVA

Auðvitað fær maður athygli  
enda ekki á hverjum degi sem  
von er á svona glaðningi




HANN ER SETTUR  
**11. ÁGÚST**

VERÐ FRÁ  
**2.368 KR.**


**SYN2**  
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



**NÝTT Í BÍÓ!** **LÚXUS**



**HÖRKUSPENNANDI GRÍNMYND FRÁ LUC BESSON**

**BYGGÐ Á SÖGU STEPHEN KING**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

HARRY POTTER	kl. 3-4-6-7-9-10	10	TAXI 4	kl. 6-8-10	14
HARRY POTTER LUXUS	kl. 3-6-9	10	THE LOOKOUT	kl. 5.50-8-10.10	14
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8-10	14	DIE HARD 4.0	kl. 5.30-8-10.40	14
DIE HARD 4.0	kl. 5-8-10.45	14	PREMONITION	kl. 5.45-8	12
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3		FANTASTIC FOUR 2	kl. 10.15	

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

TAXI 4	kl. 6-8-10	14	1408	kl. 8-10	16
1408	kl. 5.50-8-10.10	16	EVAN ALMIGHTY	kl. 6-8	14
DIE HARD 4.0	kl. 5.15-8-10.45	12	DIE HARD 4.0	kl. 5.40-10	14

**HÁSKÓLABÍÓ** Sími 530 1919

TAXI 4	kl. 6-8-10	14	1408	kl. 8-10	16
1408	kl. 5.50-8-10.10	16	EVAN ALMIGHTY	kl. 6-8	14
DIE HARD 4.0	kl. 5.15-8-10.45	12	DIE HARD 4.0	kl. 5.40-10	14

**450 kr. í bíói!**

MIDASALA Á [midi.is](http://midi.is) BÍÓ,IS

# Spenntur fyrir Reykjavík

„Ég er mjög spenntur að koma til Reykjavíkur og hlakka til að taka þátt í danshátíðinni,” segir danshöfundurinn Daniel Karaty sem líklega er þekktastur fyrir dómara-starf sitt í þáttaröðinni vinsælu So you think you can dance. Dan, eins og hann er kallaður, ætlaði að koma til landsins í mánuðnum til að taka þátt í dansfestivali dansstúdíós World Class. Vegna anna við þættina, So you think you can dance, frestast koma hans hingað. „Því miður breyttust tókur á þáttaröðinni en ég kem í staðinn 25. ágúst,” segir Dan í tölvupósti sem hann sendi Fréttablaðinu. „Mér þykir fyrir þessum breytingum og þakka þolinmæðina. Hins vegar get ég ekki bedið eftir að koma og hitta Íslendinga.”

Nanna Ósk Jónsdóttir hjá DWC segir mikinn áhuga á dansfestivalinu og að yfir 100 manns hafi þegar skráð sig. Allir nemendur verði látnir vita um breytinguna en að frekari upplýsingar séu á heimasíðu World Class.

Fyrir utan dómara-starf sitt í raunveruleikabættinum hefur Dan unnið til margra verðlauna og búið til dansa fyrir stórstjörnur á borð við Kylie Minogue, Britney Spears og Jessicu Simpson svo það er ekki von að dansþyrstir Íslendingar bíði spenntir eftir komu Dans.



DAN KARATY Dansarinn er á leið til Íslands í ágúst.



# Fullkominn vaxtaverkur Potters

Harry Potter þríeykið, Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint, voru öll á barnsaldri þegar ævintýrið um galdrastrákinn hófst á hvíta tjaldinu. Áhorfendur hafa fengið að fylgjast með þeim vaxa úr grasi ár frá ári, fá nokkrar skeinur í mishættulegum ævintýrum og lokabardagarnir jafnvel minnt á endaastríði í Kærleiksbjörnunum – þar sem birnir sigrast á hinu illa með því að spýta regnbogum í allar áttir. Í fimmtu myndinni um galdrastrákinn Harry eru börnin ekki lengur börn og því löksins hægt að hefja ævintýrið af alvöru og skapa spennubrúgnari hasar en áður.

Sirius Black, Potter og Dumbledore standa frammi fyrir miklum vanda þegar fáir virðast trúa fullyrðingum þeirra um að Voldemort sé snúinn aftur. Hogwarts-skólinn verður pólitískt bitbein hins blinda ráðherra Fudge sem gerir allt sem í sínu valdi stendur til að berjja niður þessar sögusagnir og fær galdrakerlinguna Dolores Umbridge til að taka kennslufni skólans í gegn og drepa niður allar uppreisnir gegn stjórnvöldum. En Voldemort lúrir í leyni og hyggst gera atlögu að Potter og því þurfa

## KVIKMYNDIR

### Harry Potter og Fönixreglan

Leikstjóri: David Yates

Aðalhlutverk: Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint.

★★★★

Fimmta myndin um galdrastrákinn Potter er sú besta í röðinni og er til þess fallin að laða að enn fleiri aðdáendur sem eiga eftir biða spenntir eftir næstu mynd.

Þremmenningarnir ásamt góðum vinum að taka á öllu sínu til að vernda umhverfi sitt fyrir hinu illa.

Leikstjórinn David Yates tekur við góðu búi af Mike Newell sem gerði síðustu Potter-mynd skuggalegru en áður hafði þekkt. Spennan hefur aukist til muna þannig að frá fyrstu mínútum myndarinnar heldur Harry Potter foreldrunum ekki síður en börnunum niðurnjörvuðum í sætunum og úrslitin ráðast í fullorðinsbardaga í stað kústaeltarleiks.

Yates gengur jafnvel skrefinu lengra en Newell þegar hann lætur

Potter fljúga meðfram Thames-ánni, Stóra-Ben og notast við rauðan símaklefa þannig að ekki verði um villst að galdrastrákurinn er orðinn jafn samofinn breskri menningu og þessi sígildu tákni London.

Snilldin við Harry Potter-myndirnar er val leikstjórans í hlutverk eldri kynslóðarinnar. Michael Gambon, Ralph Fiennes, Gary Oldman, Helen Bonham-Carter og Robbie Coltrane eru vafalítið leikhópur sem hver einasti leikstjóri myndi sætta sig við. Þau Radcliffe, Watson og Grint þekkja auðvitað sín hlutverk eins og lófann á sér en eflaust verður jafn erfitt fyrir þau og James Bond-leikarana að brjótast út úr þessum hlutverkum.

Þótt Harry Potter og Fönixreglan sé byggð á barnabókum J.K. Rowling þá færir leikstjórinn fimmtu myndina mun nær hinum fullorönu en áður. Hún er hörkuspennandi og óhugguleg á köflum með skotheldum og öruggum leik í hverju horni. Þetta er án nokkurs vafa sú besta í röðinni og nær eflaust að laða að nýja aðdáendur sem biða í ofvæni eftir næsta ævintýri.

Freyr Gíjga Gunnarsson

**SAMBÍÓ** www.SAMBIO.is (575 8900) **midí.is**



**UPPREISNIN ER HAFIN**




**ÁLFABAKKA**

HARRY POTTER 5	kl. 2-3:30-5:30-8-9:30-11	10	SHREK 3 M/ ISL TAL	kl. 2-4-6	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11	DIGITAL 10	SHREK 3 M/ ENSKU TAL	kl. 8-10:10	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11	VIP	OCEAN'S 13	kl. 10:10	7
EVAN ALMIGHTY	kl. 2-4-6-8-10:10	L	PIRATES 3	kl. 4	10
BLIND DATING	kl. 8	10			

**KRINGLUNNI**

HARRY POTTER 5	kl. 4-5:15-7-8:15-10	10	HARRY POTTER 5	kl. 6-8-10	10
SHREK 3 M/ ISL TAL	kl. 4	L	SHREK 3 M/ ISL TAL	kl. 6	L
SHREK 3 M/ ENSKU TAL	kl. 6	L			
PIRATES 3	kl. 8	10			

**AKUREYRI**

HARRY POTTER 5	kl. 6-8-10	10			
SHREK 3 M/ ISL TAL	kl. 6	L			

**KEFLAVÍK**

HARRY POTTER 5	kl. 6-9	10			
EVAN ALMIGHTY	kl. 8	L			
DIE HARD 4	kl. 10	14			
SHREK 3 M/ ISL TAL	kl. 6	L			

**VIP SALURINN ER BARA LÚXUS** ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓNUM ALFABAKKA

**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**LAUGARÁSBÍÓ**





**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

DEATH PROOF	kl. 10 - FORSÝNING	16
1408	kl. 6, 8 og 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 4, 6 og 8	L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10	14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45	L
ÚTI ER ÆVINTÝRI	kl. 4 (450 kr.)	L

**NÝJASTA MEISTARAVEK**

**QUENTIN TARANTINO'S**

**FORSYNING KL. 22.00 Í LAUGARÁSBÍÓ Í KVÖLD**

KURT RUSSELL in

**QUENTIN TARANTINO'S**

**"DEATH PROOF"**

**16**

**LAUGARÁSBÍÓ**

**X 97-7**



FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonunni bresku **Kerry Katona**, eiginmanni hennar og fimm mánaða gamalli dóttur þeirra var haldið föngnum á heimili þeirra aðfaranótt mánudags af vopnuðum þjófum. Katona var áður meðlimur í stúlknasveitinni **Atomic Kitten**. Ræningjarnir brutust inn á heimili þeirra og drógu eiginmann Katona með sér um húsið til að finna til öll verðmæti. Þjófarnir komust á brott með bíl fjölskyldunnar, tvær tölvur, tvö sjónvörp, tölvuleiki og skartgrip. Fjölskyldan dvelst nú hjá ættingjum sínum, en talsmaður söngkonunnar segir þeim vera mjög brugðið.



**Britney Spears** er enn að bæta í stórfjölskylduna. Á föstudaginn keypti hún sér hund af tegundinni yorkie fyrir litla 3 þúsund dollara. Það samsvarar um 180 þúsund íslenskum krónum. Í hundakaupum er fólk oft en ekki

ráðlagt að íhuga hlutina vel og fara yfir málin, en Britney virtist ekki sjá þörf á því. Hún ku hafa kolfallið fyrir hundinum í dýrabúðinni í Bel Air, og var farin með hann heim á leið innan við hálf tíma eftir að hún leit hann augum. Nýjasti meðlimur Spears-fjölskyldunnar ku hafa fengið nafnið London.

Bandaríska átrún- aðargoðið **Kelly Clarkson**, sem vann fyrstu American Idol-keppnina, viðurkenndi á dögum að hafa neytt maríjúana. „Það var í Amsterdam, það er löglegt þar,“ sagði söngkonan, sem át smáköku með efninu í í Hollandi en kveðst ekki hafa snert á því síðan. „Ég hef aldrei prófað nein eitrylf. Ég myndi aldrei nota neitt sem gerir holur í heilann á manni eða nefholið,“ sagði Kelly í viðtali við tímaritið USA Weekend.



Fyrirsætan og leikkonan íðilfagra **Rebecca Romijn** gekk að eiga unnusta sinn, leikarann **Jerry O'Connell**, á laugardaginn. Skötu- hjúin höfðu þá verið saman í þrjú ár, sem telst ansi langt samband á Hollywood-mælikvarða. Rebecca gerði fyrst garðinn frægan framan á tímaritinu Sports Illustrated og síðar sem leikkona



í X-Men myndunum. Hún leikur núna í þáttunum um Ljótu Betty. Um 100 gestir voru vitni að athöfninni, sem fram fór í einkagarði í Los Angeles.

# KLASSA ROKK

JEFF WHO - JAN MAYEN - ÆLA - KIMONO - SKÁTAR - BACON

Þann 19. júlí stendur Landsbankinn fyrir glæsilegum tónleikum á Ingólfstorgi fyrir alla Klassafélaga frá kl. 17 - 19. Hljómsveitirnar Jeff Who, Jan Mayen, Æla, Kimono, Skátar og Bacon stíga á svið og rokka fyrir áhorfendur. Óli Palli kynnir og sér um tónlist á milli atriða. Ekki láta þig og þína vanta á hressandi útitónleika! Landsbankinn tekur vel á móti þeim sem vilja skrá sig í Klassa, upplifa stemninguna og fá glæsilega inngöngugjöf.



Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Jafningjafræðsluna.

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki





**16**  
Ekki við hafi yngri en 16 ára

**SMS LEIKUR**

**9. HVER VINNUR**

**SENDU SMS JA DPF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO! FLOTTIR AUKAVINNINGAR Í BODI!**

QUENTIN TARANTINO'S **DEATH PROOF**

NAUTING COMING ATTRACTIONS FROM ROBERT RODRIGUEZ!









**SANDRA BULLOCK**

Sandra þykir góð söngkona en hún hefur ekki langt að sækja sönghæfileikana. Móðir hennar var þýsk óperusöngkona og söngkennari og ferðaðist víða með fjölskylduna. Sandra söng oftar en ekki með í óperuuppfærslunum og kom söngreyfslan sér vel þegar hún lék kúrekasöngkonu í myndinni The Thing Called Love árið 1993. Sandra leikur í myndinni Hope Floats á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.



# dagskrá



**VIÐ TÆKID SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR TÁRAST YFIR RÚTUFRÆÐUM Í EXTREME MAKEOVER: HOME EDITION**

## Væmni sem virkar

Ég er hálfgerður geðklofi þegar kemur að raunveruleikabáttum, eins og hver sá sem hefur lesið pistla mína á þessum stað gæti vottað. Flestir þessara blessuðu raunveruleikabáttar eru bandarískir og bera einkenni þess. Þjóðin er væntanlega sú sálgreindasta í heimi og almenningur virðist vera í einkennilega góðu sambandi við eigin tilfinningar. Fyrir vikið eru þættir af þeim bænum yfirleitt allsvakalega væmnir, sem fólk er duglegt að lýsa yfir að það hreinlega þoli ekki. Þar ber til dæmis að nefna Extreme Makeover: Home Edition. Í þættinum ræðst ofvirk deild arkitekta, smiða og hönnuða inn á heimili fjölskyldna sem eiga við einhvers konar vandamál að stríða og byggja yfir þær glæsihús. Væmnin er nógu slæm þegar blessaðar fjölskyldurnar eru hreinlega bara fátækar. Í síðustu viku syrti hins vegar í állinn,



meira að segja skrefinu lengra og endaði á ekkasögum. Ég spái því að þátturinn eigi nokkur ár eftir enn. Klisjur eru klisjur af því að þær virka. Væmni er ekki dauð af því að hún virkar líka. Að minnst kosti á mig.

þegar liðið tók að sér að endurreisa heimili fjölskyldu sem hafði verið öllum sínum aurum í að starfrækja sumarúðir fyrir fötlud börn. Hverjum þætti lýkur á því að fjölskyldan mæti aftur á svæðið, organ á bílstrjórn að færa rútu og fær svo hálfgerð taugaáfall af gleði þegar endurreist húsið opinberar sig að baki langferðabilsins.

Ég hef heimildir fyrir því að ég sé ekki ein um að tárast undantekningalaust um leið og rútan mjakast af stað. Í síðustu viku, þegar fötlud börn flykkust að og tónuðu saman til að votta fjölskyldunni þakklaeti sitt, gekk ég

### EKKI MISSA AF



► **21.00 Á flakki um Norðurlönd** SJÓNVARPIÐ



► **20.50 Las Vegas** STÖÐ 2



► **20.00 Without a Paddle** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.40 Kitchen Confidential** SIRKUS



► **21.00 Design Star** SKJÁREINN

### SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Út og suður (7:16) e.
- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Geirharður bojng bojng (5:26)
- 18.22 Sögurnar hennar Sölu (3:13)
- 18.30 Váboði (5:13)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Everwood (22:22)
- 20.55 Lithvörf (7:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er rætt við Helga Þorgils Friðjónsson olíumálara. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.
- **21.00 Á flakki um Norðurlönd** (5:8) Finnisk þáttaröð um ungt fólk á ferðalagi um Norðurlönd. Í þessum þætti fara þau Joakim og Sonja um Ísland og staldrá við á Akureyri og í Reykjavík.
- 21.25 Erlent vinnuafli** (Brennpunkt: Stolt, polsk og fattig) Norskur þáttur um svarta atvinnu Austur-Evrópufólks í Noregi.
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.25 Jericho lögreglufulltrúi - Að myrða og skapa** (3:4) Breskur spennu-myndaflokkur um lögreglufulltrúann Michael Jericho og samstarfsmenn hans sem glíma við erfið mál. Þessi mynd gerist á Valentínusarmessu árið 1958. Charles Hewitt, vísindamaður sem fæst við vettisþrengjutilraunir, finnst látinn á bakka Tempsár.
- 00.00 Lögmál Murphys** (6:6) e.
- 00.55 Kastljós**
- 01.25 Dagskrárlok**

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:15 Without a Paddle**
- 08:00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed**
- 10:00 Loch Ness**
- 12:00 Hope Floats**
- 14:00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed**
- 16:00 Loch Ness**
- 18:00 Hope Floats**
- **20:00 Without a Paddle** Eldfjörung og ævintýraleig gamanmynd.
- 22:00 Movern Callar**
- 00:00 Edge of Madness**
- 02:00 Dog Soldiers**
- 04:00 Movern Callar**

### SIRKUS TV

- 07:00 Scooby Doo**
- 07:25 Kalli á þakinu**
- 07:45 Litlu Tommi og Jenni**
- 08:10 Oprah**
- 08:55 Í finu formi 2005**
- 09:10 Bold and the Beautiful**
- 09:30 Forboðin fegurð** (92:114)
- 10:15 Grey's Anatomy** (15:25)
- 11:05 Fresh Prince of Bel Air** (13:24)
- 11:30 Outdoor Outtakes** (6:13)
- 12:00 Hádegisfréttir**
- 12:45 Nágrannar**
- 13:10 Homefront** (3:18)
- 13:55 Studio 60** (5:22)
- 14:45 Whose Line Is It Anyway? 4**
- 15:20 According to Bex** (5:8)
- 15:50 Tviburasystrurnar** (6:22)
- 16:15 Batman**
- 16:40 Shin Chan**
- 17:03 Ofurhundurinn**
- 17:28 Bold and the Beautiful**
- 17:53 Nágrannar**
- 18:18 Ísland í dag og veður**
- 18:30 Fréttir**
- 18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
- 19:40 Simpsons** (12:21)
- 20:05 Extreme Makeover: Home Edition** (6:32) Veronica Ginyard hefur þolað tímana tvenna en hún var árum saman fóst í ofbeldisfullu hjónabandi en hefur síðastliðin ár verið einstæð með 8 börn. Ty og félagar hans byggja nú glænt og stórglæsilegt heimili fyrir Veronicu og börnin hennar.
- **20:50 Las Vegas** (13:17)
- 21:35 The Shield** (6:10)
- 22:20 The Unit** (10:23)
- 23:05 The Riches** (7:13)
- 23:50 Foolproof** Æsispennandi njósna-tryllir með Ryan Reynolds (Van Wilder) um þrjá félagar sem eiga sér óvenjulegt áhugamál; að skipuleggja í þaular rán sem þeir svo fremja aldrei. Bönnuð börnum.
- 01:20 Dickie Roberts: Former Child Star**
- 02:55 The Shield** (6:10)
- 03:40 Las Vegas** (13:17)
- 04:25 Hotel Babylon** (3:8)
- 05:20 Fréttir og Ísland í dag**
- 06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI**

### SKJÁREINN

- 18:00 Insider**
- 18:30 Fréttir**
- 19:00 Ísland í dag**
- 19:40 Entertainment Tonight**
- 20:10 George Lopez Show, The** (3:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki.
- **20:40 Kitchen Confidential** (9:13) Gamanþættir um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York. Það er þó einn hængur á: eigandinn gefur Jack eingungis 48 klukkustundir til að fullmanna eldhúsið og vera tilbúinn til að elda ofan í 300 manns, þar á meðal matargagnrýnanda The New York Times. Jack ræður gamla vini sína í vinnu og munu þeir reyna allt til þess að hjálpa honum að ná takmarki sínu með hlægilegum afleiðingum.
- 21:10 Young Blades** (11:13) Spennandi þáttaröð þar sem söguviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D'Artagnan. Hinn ungi D'Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardinála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda.
- 22:00 Men In Trees** (5:17) Bráðskemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandsérfæðing sem kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábæ í Alaska þar sem karlmennirnir eru 10 sinnum fleiri en konur.
- 22:45 Pirate Master** (7:14)
- 23:30 True Hollywood Stories** (3:8) (e)
- 00:15 Entertainment Tonight** (e)
- 00:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### SJÓNVARP NORDURLANDS

- 18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
  - 16:45 og 17:45 Átak með Guðrúnu Gísla.** Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.
  - OMEGA**
- Dagskrá allan sólarhringinn.

# TILBOÐ 69.900-

## Þægileg fartölva í alla almenna vinnslu, skóla eða heimili.

**Acer Aspire 3693WLMi**

Intel Celeron 1.73Ghz örgjörvi, 512MB vinnsluminni, 80GB harður diskur, 15.4" CrystalBrite skjár, innbyggð vefmyndavél, Windows Vista. 3 ára ábyrgð



**3**  
ÁRA ÁBYRGÐ

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.35

The Shield

Í kvöld halda sýningar á The Shield áfram á Stöð 2. Þetta er hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu frangengt. Í þætti kvöldsins rannsakar sérsveitin morð á dóttur stjórnmalámanns en þar er ekki allt sem sýnist.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ How Clean is Your House?

Skjäreinn kl. 20.30

Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Í kvöld heimsækja þær einstæða móður með fjögur börn en þrjú þeirra neita að flytja að heiman. Það væri ekki svo slæmt ef þau hjálpuðu mömmu sinni. Hreinlætisharðstjórnarnir kenna þeim að þrifa, skrubba og bóna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45	Veðurfregnir	16.00	Síðdegisfréttir
06.50	Bæn	16.10	Veðurfregnir
07.05	Morgunvaktin	16.13	Hlaupanótan
09.05	Laufskálinn	17.03	Víðsjá
09.45	Morgunleikfimi	18.00	Kvöldfréttir
10.13	Heima er best	18.25	Spegillinn
11.03	Samfélagið í nærmynd	19.00	Á sumarvegi
12.00	Fréttayfirlit	19.40	Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
12.03	Hádegisútlit	20.00	Hið fagra mun sigrá að lokum
12.20	Hádegisfréttir	21.40	Slæðingur
12.45	Veðurfregnir	21.55	Orð kvöldsins
13.00	Sakamálafréttir: Sá yðar sem syndlaus er	22.15	Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
13.15	Á sumarvegi	22.45	Kvöldtónar
14.03	Útlitssagan: Rokkað í Vittula	23.10	Hvítu svindívurnar
14.30	Í grænni lautu	00.10	Útlitssagan á samtengdum rásum
15.03	Litir í tónum og orðum: Grænn		

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlitssagan Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlitssagan Latibær / Fjölskyldu útlitssagan FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlitssagan Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 07:00 Landsbankamörkin 2007
- 07:30 Landsbankamörkin 2007
- 08:00 Landsbankamörkin 2007
- 08:30 Landsbankamörkin 2007
- 09:00 Landsbankamörkin 2007
- 18:00 Landsbankadeildin 2007 (Fram - Valur)
- 19:50 Landsbankamörkin 2007
- 20:20 Copa America 2007 (Argentína - Brasilía) Útsending frá úrslitaleik Argentínu og Brasilíu í Suður-Ameríku bikarum.
- 22:20 PGA Tour 2007 - Highlights (John Deere Classic) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í gólfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjú keppnisdagana en svo er efstu kyflingunum fylgt eftir á lokaholunum.
- 23:15 Heimsmótaröðin í Póker 2006 Póker æði hefur gengið yfir heiminn að undanfömu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir. Margir þeirra eru gífurlega þekktir og má þar nefna Doyle Brunson, Johnnie Chan, Gus Hansen og Phil Ivey.

BBC PRIME

- 6.15 Come Outside 6.30 Andy Pandy 6.35 Teletubbies 7.00 Passport to the Sun 7.30 Home Front 8.30 Passport to the Sun 9.00 Garden Challenge 9.30 Big Cat Diary 10.00 Big Cat Diary 10.30 Keeping Up Appearances 11.00 As Time Goes By 11.30 My Family 12.00 Hetty Wainthropp Investigates 13.00 Waking the Dead 14.00 Passport to the Sun 14.30 Superhomes 15.30 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Little Angels 17.30 Little Angels 18.00 Waking the Dead 19.00 Little Britain 19.30 Nighty Night 20.00 The Thick of It 20.30 French and Saunders 21.00 Waking the Dead 22.00 Keeping Up Appearances 22.30 Little Britain 23.00 Nighty Night 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Waking the Dead 2.00 Hetty Wainthropp Investigates 3.00 Passport to the Sun 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 TikkaBilla 5.00 Boogie Babies 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

- 6.00 SommerSummarum 7.35 Yu-Gi-Oh! 11.05 En reporter går om bord 11.35 Chris på chokoladefabrikken 12.05 Dawsons Creek 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 Hjerteflimmer Classic 13.30 SommerSummarum 15.05 Trolddomsæskken 15.30 Anton, min hemmelige ven - i Zoo 16.00 Når Tigreren får bistandshjælp 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 SommerVejret 17.05 Miss Marple 18.00 Hokus Krokus 18.30 Smag på Danmark - med Meyer 19.00 TV Avisen 19.25 SommerVejret på DR1 19.40 Aften-tour 2007 20.05 Spartacus 21.30 Seinfeld 21.55 Roskilde '07 5.30 Home things 5.32 Anton 5.37 Byggemand Bob 5.47 Tagkammerater 6.00 SommerSummarum

NK1

- 6.00 Bevare meg vel 6.15 Postmann Pat 6.30 Noahs dyrebare øy 7.05 Gjengen på taket 7.20 De tre vennene og Jerry 7.35 Trollz 8.00 Totalt genialt! 8.25 Med hjertet på rette staden 9.10 Jukeboks: Sport 10.00 Jukeboks: Norsk på norsk 11.00 Jukeboks: Ut i naturen 12.00 Jukeboks: Dansefot 13.20 The Tribe - Den nye morgendagen 13.45 Lyoko 14.10 Lekene i Olympia 15.50 Oddasat - Nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Lille Prinsesse 16.10 Robotgjengen 16.25 Venner er viktig 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Grønn glede 17.55 Nigellas kjøkken 18.25 Autofil 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Siste nytt 19.10 Sommeråpent 19.55 Romerrikets vekst og fall 20.45 Extra-trekning 21.00 Kveldsnytt 21.15 Norge i dag 21.25 Nikita 5.30 Somermorgen 5.31 Firnlene 5.50 Peppa Gns 6.00 Bevare meg vel

SVT 1

- 7.15 Hej hej sommar 7.16 Tintin 7.45 Blue Water High 10.00 Rapport 10.05 Finländsk hjälp i Gudrun's spår 12.15 Karin Månsdötter 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 15.00 Landet som Stalin tog 15.30 Bergen - Kirkenes t/r 16.00 Bolibompa 16.25 Bolibompa sommartips 16.30 Hej hej sommar 16.31 Tintin 17.00 Blue Water High 17.30 Rapport 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Morden i Midsomer 20.35 Livräddarna 21.05 Rapport 21.15 Six Feet Under 22.10 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



MEGANE VERTU Á ÖRUGGASTA BILNUM

Megane Expression Comfort sjálfskiptur

Öruggur sumarþakningur

Verð áður kr. 2.340.000

Verð nú kr. 2.190.000

kr. 29.990 á mánuði m.v. enga útborgun.



Megane Expression Comfort;

1.6 l bensínvél, 115 hö, sjálfskiptur, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 7,7l/100km. ABS með EBD bremsuþjöfnun, regnskynjari, beltastrekkjarar með dempurum í öllum sætum, þar af tvöfaldir í framsætum, leðurklætt stýri, aksturstölv, úthitamælir, loftkæling, RDS fjarstýrð hljómtæki með 6 hátölurum, CD og Mp3 spilara, armpúði milli sæta, rúmgöð geymsluhólf milli sæta í hurðum og í gólfi, þokuljós og samlitun.



Bill á mynd: Renault Megane Expression Comfort með álfelgum. www.renault.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér

51255050 Auglýsingasími



- Mest lesið





....Vandaðar innréttingar frá Danmörku

ELDHÚS

BAÐ

FATASKÁPAR



**DK Innréttingar**

Lyngás 14

210, Garðabær

[www.dkinnrettingar.is](http://www.dkinnrettingar.is)

[dk@dkinnrettingar.is](mailto:dk@dkinnrettingar.is)

Sími: 544 2130

Fax: 544 2133



**Við erum hér !**



## BAKÞANKAR

KARENAR D. KIARTANSDÓTTUR

Lúkas og sagna-  
hefðin lifa enn

Sældarlíf í framandi löndum Sgetur reynt á taugar einfaldra sála. Ég hef ánægju af því að dreypa á góðum vínnum en á erfitt með að taka þátt í stáslegum umræðum um blæbrigði þeirra. Það sem vín-gæðingar segja keim af sólberja-laufum þykir mér kattahlandsfnykur, það sem finna fólk segir angan af leðri minnir mig á lyktina sem tók á móti mér í útihúsunum þegar ég gaf skepnunum sem barn. Ég er allt of einföld sál að njóta þess að aka um grænar flatir til þess eins að koma hvítri kúlu ofan í holur. Og snekkjuferðir mínar hafa hingað til endað með því að ég ligg út yfir borðstokkinn spúandi.

ÞÓ vil ég taka fram að ég er ekki gefin fyrir meinlætillíf, ó nei, ég sætti mig ekki við að vera ýtt út í horn og tek mér Hallgerði Höskuldsdóttur til fyrirmyndar.

FRÆGASTA kvenhetja Íslendingasagnanna sætti sig ekki við að góða osta vantaði í bú hennar heldur lét útvega þá með óhefðbundnum leiðum. Hún tók ekki undir örvæntingafulla bón eiginmannsins um að skerða hár sitt fyrir ónothæfan bogastreng. Hallgerður hefði ekki heldur ekki látið narra sig út í fáfengilega samkvæmisleiki eins og „Hvaða keim finnur þú af gamla rauðvíninu?“ Hún var stolt búkona sem lét finheit og vinsældir eiginmannsins ekki hafa áhrif á sig.

HALLGERÐAR, þessarar mögnuðu hetju Íslendingasagnanna, þykir mér ekki minnst með nægilega afgerandi hætti í íslenskum samfélagi. Til að heiðra minningu hennar hlóðum við vinkonurnar vörðu í Laugarnesi fyrir nokkrum árum.

ÍSLAND er dásamlegt land, í náttúrunni er enn sál. Blásnar hæðir, dulmagn hverfandi jöklanna, kyrrð öræfanna og finleiki flórunnar eru fylla mig slíkri andakt að ég kæri mig kollótta um hvort líf taki við á eftir þessu eður ei. Þessi miklu auðæfi sem við eigum verða þó enn verðmætar ef maður þekkir söguna sem lifir í henni.

FLJÓTSHLIÐIN er fegurri vegna sagna Njálu. Drangey hrikalegri vegna Grettlu, Geirþjófsfjörður magnaður vegna Gíslasögu, Breiðdalur stórkostlegri vegna Hrafnkötlu. Helgafell helgara vegna Eyrbyggju, (reyndar er Hvannadalshnúkur lægri úföf sögum Halldórs Ásgrímssonar af nokkrum sentímetrum.)

EF til vill eiga afkomendur mínir eftir að ganga upp Hlíðarfjall, í hljóðri andtakt, í leit að slóðum hins merka villihunds Lúkasar. Hundins sem sýndi okkur að sagnahefð Íslendinga og illmælgí Lyga-Marðar er ekki dauð.

PILTURINN sem var hundeltur vegna grunsemda um að hann ætti þátt í meintum dauða Lúkasar á margt sameiginlegt með örlögum Gísla Súrssonar. Gísl komst ekki lifandi niður af fjallinu undan óvildarmönnum sínum eftir að hafa verið saklaus í felum. Vonandi spinna örlaganornirnar piltinum og Lúkasí finlegri þræði en þá sem Gísl hlaut.

www.volkswagen.is



Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

## Golf Trendline kostar aðeins 25.490 kr. á mánuði.\*

Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka að verðmæti 280.000 kr.

- 16" álfelgur • sólluga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur

\*M.v. 10% útborgun og bílasamning SP til 64 mánaða.



## Volkswagen Golf er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

